FRÉTTABLAÐIÐ

202. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 28. ÁGÚST 2018

# Tekur ábyrgð á slöku gengi hjá Icelandair

**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segist axla ábyrgð á ákvörðunum sem valdið hafi Icelandair tjóni og hefur sagt upp. Fjármálastjórinn tekur við sem forstjóri og boðar breyttar áherslur.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Jóhannsson sagði í gær upp sem forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, fjármálastjóri félagsins, hefur tekið tímabundið við starfi forstjóra.

Samkvæmt uppfærðri afkomuspá frá í gær mun afkoma ársins hjá Icelandair verða lægri en gert var ráð fyrir. Áætlað er að EBITDA ársins 2018, það er afkoma áður en tekið hefur verið tillit til vaxtatekna, skattgreiðslna og afskrifta, verði á bilinu 80-100 milljónir Bandaríkjadala. Upphaflegar spár gerðu ráð fyrir að upphæðin kæmi til með að nema 170-190 milljónum dala. Því er um tæplega helmings lækkun að ræða.

„Lækkun afkomuspárinnar skýrist fyrst og fremst af því að tekjur verða lægri en áður hafði verið gert ráð fyrir. Fyrir því eru einkum tvær ástæður,“ er haft eftir Björgólfi í tilkynningu sem send var Kauphöllinni í gærkvöldi.

„Í fyrsta lagi gerðum við enn ráð fyrir því við gerð seinustu afkomuspár að meðalfargjöld á seinustu mánuðum ársins myndu hækka, meðal annars í takt við kostnaðarhækkanir flugfélaga. Við teljum nú að þessar hækkanir muni skila sér síðar, það er ekki fyrr en á árinu 2019,“ útskýrir Björgólfur þróunina.

Forstjórinn fráfarandi segir að innleiðing breytinga í byrjun sumars 2017 á sölu- og markaðsstarfi félagsins hafi ekki gengið nægilega vel. Auk þess hafi verið gerðar breytingar á leiðakerfinu í byrjun þessa árs sem valdið hafi misvægi á milli framboðs á flugi til Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku hins vegar.

„Vegna þessa hafa spálíkön, sem meðal annars byggja á sögulegri þróun, ekki virkað sem skyldi og er uppfærð tekjuspá lægri en fyrri spá gerði ráð fyrir,“ segir Björgólfur.

Þá segir Björgólfur að félagið hafi eftir uppgjör annars ársfjórðungs gripið til aðgerða til að bregðast við þessari þróun. Árangur af því sé farinn að skila sér en það muni taka mánuði að sjá áhrif í afkomu félagsins.

> **Næstu skref eru að halda áfram með mínum samstarfsmönnum og samstjórnendum að breyta áherslum í markaðsstarfi.**
>
> Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

„Þær ákvarðanir sem lýst er hér að ofan eru teknar á minni vakt. Það er ljóst að þær hafa valdið félaginu fjárhagslegu tjóni á þessu ári. Ég ber sem forstjóri félagsins ábyrgð gagnvart stjórn og hluthöfum,“ er haft eftir Björgólfi sem kveðst hafa óskað eftir því í gær að hætta sem forstjóri. Það sé ábyrgðarhluti að hafa ekki fylgt breytingunum eftir með fullnægjandi hætti og brugðist fyrr við. „Þá ábyrgð tel ég rétt að axla.“

Í tilkynningunni er haft eftir Úlfari Steindórssyni, formanni stjórnar Icelandair Group, að það lýsi persónu Björgólfs vel að axla ábyrgð þegar betur hefði mátt gera. „Að beiðni stjórnar mun Björgólfur vera stjórn og stjórnendum til ráðgjafar.“

„Næstu skref eru að halda áfram með mínum samstarfsmönnum og samstjórnendum að breyta áherslum í markaðsstarfi og að ná vopnum okkar og laga misræmið í leiðakerfinu. Þar liggur fókusinn á næstunni og með því ætlum við að bæta afkomu félagsins,“ segir Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair. Aðspurður segir hann engar aðrar breytingar fyrirhugaðar í stjórnendahóp félagsins.

„Í hreinskilni sagt veit ég ekki hve lengi ég mun gegna þessu starfi. Það verður farið í það á næstunni að finna framtíðarforstjóra,“ segir Bogi. **– gar, jóe**



FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Vaðlaheiðargöngunum er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

**„Þetta er þannig séð á áætlun,“ segir Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar Colas, um framvindu gerðar Vaðlaheiðarganga. ÍAV er verktaki ganganna en Hlaðbær sér um útlagningu. Leki er í göngunum og nokkuð hlýtt er þar inni enda hluti vatnsins heitur. Sigþór telur að allt smelli á réttum tíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Mikil bið eftir Leaf-rafbílum

**VIÐSKIPTI** „Það hefur verið slegist um hvert eintak, sem er jákvætt, en ég held að þetta fari að detta í eðlilegra horf á næsta ári,“ segir Brynjar E. Óskarsson, vörumerkjastjóri Nissan hjá bílaumboðinu BL. Mikil bið er nú eftir Nissan Leaf rafbílum.

Verðandi rafbílaeigendur sem pöntuðu bíl í apríl hafa nú nokkrir fengið upplýsingar um seinkun fram í nóvember. Margir eru skiljanlega svekktir yfir langri bið og töfum sem orðið hafa.

„Ef þú ætlar að panta bíl hjá okkur núna er 6–7 mánaða bið,“ segir Brynjar. Íslenski markaðurinn sé hins vegar ágætlega settur.

„Ísland er þrátt fyrir þetta framarlega í magni sem við fáum, markaðir eins og Írland eru að fá svipað marga bíla og við,“ segir Brynjar. **– smj /** sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bæta þarf stöðu innflytjenda, skrifar Guðjón S. Brjánsson. 10

**SPORT** Finnur Orri braut loksins ísinn í 199. leiknum. 12

**TÍMAMÓT** Leiðsögn um sögusýningu Landsbókasafns Íslands. 14

**LÍFIÐ** Fréttablaðið gluggar í þungarokkssumarið mikla á Íslandi. 20



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Norðan 8 til 13 metrar á sekúndu, en hægari vindur sunnan- og austanlands. Búast má við skúrum nokkuð víða. Hiti 7 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Óþekkt eldsupptök



Gríðarlegt tjón varð er sumarhús og annað minna þar hjá í Grafningi í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn gereyðilögðust í eldi í gær. Þegar slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Árnessýslu komu á staðinn upp úr hádegi voru bæði húsin alelda. Þeir voru síðan við störf fram á kvöld til að tryggja svæðið. Ekki er talið að fólk hafi dvalist í húsunum er eldurinn kom upp og ekki var vitað í gær hvers vegna hann kviknaði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Stór hluti þjóðarinnar hefur óskað eftir upplýsingum í gengum arfgerd.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Upplýst 250 um stökkbreytingu í BRCA2-geni

**HEILBRIGÐISMÁL** Tvö hundruð og fimmtíu einstaklingar hafa fengið staðfest að þeir bera stökkbreytingu í BRCA2-erfðavísi sem stórlega eykur áhættu á arfgengu brjóstakrabbameini, krabbameini í eggjastokkum og í blöðruhálskirtli.

**» Íslensk erfðagreining á dulkóðuð gögn um rúmlega 1.000 einstaklinga sem bera hina alíslensku stökkbreytingu 999del5 í BRCA2.**

Í gær höfðu 39.408 einstaklingar óskað eftir því að fá upplýsingar um það hvort stökkbreyting sé til staðar í erfðavísinum, í gegnum vefsvæðið arfgerd.is sem Íslensk erfðagreining opnaði í maí síðastliðnum. Fyrirtækið á dulkóðuð gögn um rúmlega 1.000 einstaklinga sem bera hina alíslensku stökkbreytingu 999del5 í BRCA2. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri erfðagreiningu á enn eftir að taka sýni úr 10.000 einstaklingum sem óskað hafa eftir upplýsingum í gegnum vefsíðuna. Þetta eru sýni sem ýmist voru ekki til hjá fyrirtækinu eða þurfti að gefa aftur. – khn

## Neitar að skýra 146 milljónir

**DÓMSMÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, neitar að upplýsa hvaðan hann fékk fjárhæð á bilinu 131 til 146 milljónir króna og geymdi á bankareikningi á Ermarsundseyjunni Jersey. Þetta kemur fram í ákæru héraðssaksóknara á hendur Júlíusi fyrir peningaþvætti.

Í ákærunni segir að féð hafi að hluta verið tekjur sem ekki voru taldar fram til skatts. „Fjárhæð hins ólögmæta ávinnings, það er þeir skattar sem ákærði kom sér undan að greiða og vextir af því fé, sem ákærði þvættaði með þessum hætti, var á bilinu 49 tll 57 milljónir króna,“ segir í ákærunni. „Ákærði viðurkenndi við rannsókn málsins að um væri að ræða tekjur sem hann hefði ekki gefið upp til skatts og því ekki greitt tekjuskatt eða útsvar af þeim. Hann hefur hins vegar ekki viljað segja nákvæmlega til um það hvenær umræddra tekna var aflað.“ – gar

# Gýgjarhólsbóndinn sér mikið eftir öllu saman

**Valur Lýðsson, sem ákærður er fyrir að hafa banað Ragnari bróður sínum á föstudaginn langa, kveðst aldrei hafa borið þungan hug til hans. Geðlæknir segir Val sakhæfan. Ragnari var banað í þvottahúsinu heima hjá Vali á Gýgjarhóli.**

**DÓMSMÁL** „Vettvangurinn benti eindregið til þess að þarna hefði ég átt hlut að máli,“ sagði Valur Lýðsson, bóndi á Gýgjarhóli II í Biskupstungum, um það þegar hann vaknaði að morgni 31. mars og kom að bróður sínum, Ragnari Lýðssyni, látnum.

Þétt var setið í dómsal Héraðsdóms Suðurlands í gær á fyrri degi aðalmeðferðar í máli Vals, sem ákærður er fyrir að hafa banað bróður sínum.

Fulltrúar fjölmiðla voru viðstaddir, auk fjölskyldumeðlima og vina Ragnars og Vals, þegar sá síðarnefndi settist andspænis dómaranum og lýsti með yfirveguðum hætti því sem hann ræki minni til.

Valur greindi frá því að bræður hans, Ragnar og Örn, hefðu komið í heimsókn á Gýgjarhól umrætt kvöld, á föstudeginum langa, og að sá fyrrnefndi hefði komið færandi hendi, með tvær flöskur af sterku áfengi.

Valur sagðist á þessum tíma ekki hafa bragðað áfengi í þrjá mánuði. eða allt frá þrettándanum í janúar. Það hafi hann hins vegar gert í tilefni heimsóknar bræðranna. Vel hafi farið á með þeim. Um klukkan tíu hafi Örn lagst til rekkju. Þeir Ragnar hafi hins vegar setið áfram að drykkju.

Valur sagðist hafa greint Ragnari frá framtíðaráformum sínum með bæinn. Í þeim fólst að færa bæjarstæðið og koma upp kaldavatnsveitu. Sagði hann að þá hefði Ragnar sýnt ólundarviðbrögð.

Að sögn Vals mundi hann ekki eftir átökum. Það síðasta sem hann hefði séð hefði verið andlit sem svipaði til Ragnars. Hann væri þó ekki viss í þeim efnum. Morguninn eftir hefði hann rankað við sér og komið að líki bróður síns í þvottahúsinu. Skömmu síðar var hann handtekinn á vettvangi eftir að hafa gert Neyðarlínu viðvart.

Valur kvaðst fyrir dómi ekki kunna neinar skýringar á því hvers vegna þeir Ragnar gætu hafa átt í átökum. „Hvorki fyrr né síðar,“ sagði Valur aðspurður hvort hann hefði borið þungan hug til bróður síns.



Valur Lýðsson til hægri með lögmanni sínum í dómsal. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Hann tók mjög skýrt fram að hann sæi verulega eftir öllu.**
>
> Nanna Briem, geðlæknir

„Hann tók mjög skýrt fram að hann sæi verulega eftir öllu,“ sagði Nanna Briem geðlæknir, sem átti fimm viðtalstíma með Vali. Þar bar hann allan tímann fyrir sig minnisleysi að sögn Nönnu sem metur Val sakhæfan.

Sjálfur greindi Valur frá því fyrir dómi að hann hefði tekið ákvörðun í janúar um að hætta allri drykkju. Hann hefði átt það til að drekka sig til óminnis og þá hefði það gerst oftar en einu sinni að hann yrði ofbeldisfullur undir áhrifum.

Lögreglufulltrúar sem mættu fyrir dóminn lýstu vettvangi í þvottahúsinu og áverkum á Ragnari. Hann hefði fengið högg og síðan hefði verið sparkað ítrekað í hægri síðu hans er hann var liggjandi.

daniel@frettabladid.is

Námskeið í september

3 SEP — 3 DAGA CANON EOS NÁMSKEIÐ — Myndavélin / Myndatökur / Stillingar / Fylgihlutir / Verkefni ofl. — Skráning á ljosmyndari.is — 18.900
10 SEP — 2 DAGA LIGHTROOM NÁMSKEIÐ — Lærðu á fullkomnasta myndvinnslu- og skipulagsforrit í heimi. — Skráning á ljosmyndari.is — 13.900
11 SEP — 2 DAGA LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ — Fyrir allar gerðir myndavéla: Stillingarnar / Myndatökur ofl. — Skráning á ljosmyndari.is — 13.900
17 SEP — 3 DAGA CANON EOS NÁMSKEIÐ — Myndavélin / Myndatökur / Stillingar / Fylgihlutir / Verkefni ofl. — Skráning á ljosmyndari.is — 18.900
24 SEP — 2 DAGA LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ — Fyrir allar gerðir myndavéla: Stillingarnar / Myndatökur ofl. — Skráning á ljosmyndari.is — 13.900
25 SEP — 2 DAGA LIGHTROOM NÁMSKEIÐ — Lærðu á fullkomnasta myndvinnslu- og skipulagsforrit í heimi. — Skráning á ljosmyndari.is — 13.900

LJOSMYNDARI.IS




ENNEMM / SÍA / NM89220

# PLUG-IN HYBRID OG FJÓRHJÓLADRIF.

MINI COUNTRYMAN VERÐ 5.490.000 KR.

MINI

B|L

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.mini.is



# Undirbúningur fyrir malbikun ganganna

Stefnt er að því að hefja malbikun Vaðlaheiðarganga um miðbik september. Áætlað er að því verki ljúki um mánaðamótin eftir það. Auðunn Níelsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við í göngunum í gær og kannaði stöðu mála þar.





**›› Stuttur bútur ganganna var malbikaður fyrr í sumar. Hlýtt var á meðan verkið var unnið vegna heitrar vatnsæðar sem lekur úr inn í göngin. Nú trekkir í gegnum göngin og því örlítið kaldara þar en verið hefur. Þegar malbikun er lokið tekur við frágangur á raflögnum og ljósum. Framkvæmd hefur dregist nokkuð en göngin eru nú tæpum tveimur árum á eftir upphaflegri áætlun.**



# X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ

Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjepplinga frá Opel.
Hver þeirra þriggja hentar þér best?

**UPPSELDUR!**
Ný sending væntanleg




EURO NCAP ★★★★★

## Opel Grandland X

**Grandland X** er flaggskip sportjepplinga Opel og á frábæru verði. Hér eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður.

Verð frá: **3.990.000 kr.**

Frumsýningartilboð:
**Verð frá: 3.790.000 kr.**




**Aðeins örfá eintök eftir á þessu frábæra tilboði!**

## Opel Mokka X

**Mokka X** er flottur fjórhjóladrifinn sport-jepplingur sem sameinar lipurð og styrk.

Verð: **4.990.000 kr.**

Tilboðsverð: **4.490.000 kr.**

EURO NCAP
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.

## Opel Crossland X

**Crossland X** kemur þér hvert á land sem er, allt í senn öruggur, rúmgóður, sparsamur og þægilegur.

Verð frá: **3.090.000 kr.**

Tilboðsverð frá: **2.890.000 kr.**




Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Pipar\TBWA \ SÍA

**Þýsk** gæði
**Þýsk** hönnun
**Þýsk** hagkvæmni

5 ára ábyrgð

Reynsluaktu **Opel** og þú gætir unnið
**Opel Karl** til afnota í heilt ár

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér **Opel** og bókaðu reynsluakstur á **grandland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# Kyrrsetning eigna meðlima Sigur Rósar staðfest í Landsrétti

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í liðinni viku kyrrsetningu á eignum meðlima Sigur Rósar, þeirra Jóns Þórs Birgissonar, Georgs Holm og Orra Páls Dýrasonar. Úrskurðirnir þrír voru birtir í gær.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í mars að sýslumaðurinn í Reykjavík hefði í desember síðastliðnum fallist á kyrrsetningarkröfu Tollstjóra. Ástæðan eru meint skattalagabrot tónlistarmannanna. Þremenningarnir reyndu að fá kyrrsetningunni hnekkt í héraði en kröfu þeirra var hafnað. Niðurstaða héraðsdóms var kærð til Landsréttar sem staðfesti hana. Í úrskurði Landsréttar segir að fyrir liggi rökstuddur grunur um að mennirnir hafi brotið gegn lögum um tekjuskatt og hegningarlögum.

Talin var hætta á því að eignunum yrði skotið undan. Í úrskurði Landsréttar segir að skattframtöl mannanna bæru það með sér að ekki væru til aðrar eignir eða tekjur sem gætu staðið til fullnustu á greiðslu kröfunnar. Auðvelt væri að framselja fasteignir eða rýra verðgildi þeirra með veðböndum eða kvöðum. Þá var það mat réttarins að verðmæti eignanna væri ekki umfram það sem þyrfti til að tryggja kröfu Tollstjóra.

Verðmæti hinna kyrrsettu eigna er tæpar 800 milljónir króna en munar þar mestu um eignir Jónsa en þær nema 638 milljónum. – jóe



Af tónleikum Sigur Rósar á Lowlands-hátíðinni í Hollandi. NORDICPHOTS/GETTY



Skógarhögg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Undirbúa þjóðskóg á Vestfjörðum

**TRJÁRÆKT** Skógræktin leitar nú að jörðum á Vestfjörðum undir þjóðskóg. Fram kemur í fundargerð bæjarráðs Ísafjarðar að nærtækast sé talið að líta til jarða í eigu ríkisins sem ekki eru í ábúð og henta til skógræktar.

„Fáar ríkisjarðir (eða engar) eru norðan Arnarfjarðar í Ísafjarðarbæ en í hinum forna Auðkúluhreppi eru nokkrar sem eru í eigu ríkis eða ríkisstofnana. Einnig gæti Skógræktin hugsað sér að gera langtíma samninga um heppilega jörð í eigu sveitarfélags og þá eru einhverjar innan Ísafjarðarbæjar svo sem. Sandar í Dýrafirði og Kirkjuból í Engidal og ef til vill fleiri,“ segir í fundargerðinni. Þjóðskógar Skógræktarinnar eru á yfir fimmtíu stöðum en enginn á Vestfjörðum. – gar


FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Siðferðilegt dílemma að sitja og bíða eftir að einhver láti lífið

## Ný heimildarmynd sýnir hvers vegna ég er ekki enn kominn með hendur, segir Guðmundur Felix Grétarsson. Stærstu hindranirnar í bið eftir handaágræðslu séu að baki.



Mynd um baráttu Guðmundar er frumsýnd á fimmtudag. Eiginkona hans er Sylwia Nowakowska. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAG** „Þetta er spennandi en kvíðvænlegt á sama tíma. Maður er mjög berskjaldaður að hleypa fólki alveg að innsta koppi,“ segir Guðmundur Felix Grétarsson.

Tuttugu ár eru síðan Guðmundur missti báða handleggina í vinnuslysi. Hann hefur beðið handaágræðslu í Frakklandi í áratug.

Guðmundur er nú á Íslandi. Heimildarmynd um hann verður frumsýnd í Bíói Paradís á fimmtudag. Kvikmyndagerðarmenn hafa fylgt Guðmundi eftir frá árinu 2011 og er afraksturinn myndin „Nýjar hendur innan seilingar“.

Mikið var fjallað um það í fjölmiðlum þegar Guðmundur ákvað að fara í handaágræðsluna sem yrði sú fyrsta sinnar tegundar. Alls söfnuðust 40 milljónir króna, meðal annars til að hann gæti haldið út til Lyon og gengist undir aðgerðina. Síðan hafa flestir kannski lítið heyrt af gangi mála.

Heimildarmyndin varpar ljósi á það sem gerst hefur síðan. Biðina, ótal frestanir, baráttuna við kerfið og skriffræðið ytra.

„Ég er alltaf spurður sömu spurninganna þegar ég hitti Íslendinga. Myndin sýnir hvað er búið að vera í gangi og hvers vegna ég er ekki enn kominn með hendur. Það er heilmikið búið að vera að gerast þó að ég hafi svolítið horfið af yfirborðinu,“ segir Guðmundur sem hefur búið í Lyon í fimm ár.

> **Maður er að vonast eftir að einhver deyi. Þetta er siðferðilegt dílemma.**
>
> Guðmundur Felix Grétarsson

„Staðan er alltaf sú að við bíðum eftir gjafa. Frá 2016 erum við komin yfir mesta skriffræðið og allt sem við lentum í fyrstu árin. Það tók rosalegan tíma að lenda í kerfinu en núna erum við í raun að bíða eftir að einhver deyi. Það er skrýtin staða að vera í, að hlusta eftir sjúkrabílum. Að vonast eftir að þetta fari að gerast sem aftur þýðir að maður er að vonast eftir að einhver deyi. Þetta er siðferðilegt dílemma.“

Guðmundur segir að hann búi enn að þeim fjármunum sem söfnuðust fyrir hann. Mikill kostnaður hafi fallið til í byrjun. Síðan hafi þetta staðið undir leigu og uppihaldi í Lyon. Nú sé einnig komið í gegn að rannsóknarsjóður við spítalann mun koma að fjármögnun aðgerðarinnar að einhverju leyti.

Eins og sjá má í myndinni, sem óhætt er að mæla með, gefst Guðmundur ekki upp og heldur enn í vonina og veit að aðgerðin mun eiga sér stað.

„Það veit enginn hvernig þetta mun takast. En það sem telst ásættanlegur árangur er olnbogahreyfingar, að ég geti lyft og hreyft olnboga. Það er ekki mjög líklegt að ég geti notað fingurna. Hvað mig varðar, þó svo að ég muni ekki geta notað fingurna og á endanum myndi taka hendurnar sjálfar af aftur, þá er ég samt mikið betur settur með hendur úrval gerviútlima varðar.“ – smj




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI ALFA ROMEO Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16


Kveiktu á gleðinni
Tryggðu þér áskrift á Stod2.is
Ný og betri verð
1.990 kr.
MARAÞON
6.990 kr.
9.990 kr.
SPORT

## Á leið út í vatnið



Frá 2010 hefur óvenjuleg hátíð farið fram í kínversku borginni Wuhan í Hubei-héraði. Dagskráin er einföld. Þátttakendur mæta á reið- eða hlaupahjóli, ná fullri ferð og stökkva út í vatn við borgina. Áður en þeir skella á því er markmiðið að leika listir sínar sem frekast þeir geta. Myndin hér að ofan er frá hátíðinni í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Yfir hálfs árs bið eftir Nissan Leaf rafbílnum

**Tafir urðu á afhendingu Nissan Leaf rafbíla sem pantaðir voru í vor er framleiðsluáætlun var skyndilega breytt. Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir nýju tegundinni, langt umfram framleiðslugetu. BL vonast til að ná réttu róli í haust.**

**VIÐSKIPTI** „Það hefur verið slegist um hvert eintak, sem er jákvætt, en ég held að þetta fari að detta í eðlilegra horf á næsta ári,“ segir Brynjar E. Óskarsson, vörumerkjastjóri Nissan hjá bílaumboðinu BL. Mikil eftirspurn er eftir nýjum Nissan Leaf rafbíl og afhendingartími getur verið allt að 6-7 mánuðir.

Mikil umræða skapaðist um langan afhendingartíma rafbílanna í spjallhópi Nissan Leaf eigenda á Facebook um helgina en bílarnir eru vinsælustu og mest seldu rafbílar landsins og þótt víðar væri leitað.

Ný útgáfa af Nissan Leaf, með nýju útliti og stærri rafhlöðu, var kynnt í apríl síðastliðnum og voru hundruð forpantana gerðar hér á landi. Verðandi rafbílaeigendur sem pöntuðu bíl í apríl hafa nú nokkrir fengið upplýsingar um seinkun fram í nóvember. Margir eru skiljanlega svekktir yfir langri bið og töfum sem orðið hafa en Brynjar segir þær eiga sér eðlilegar skýringar.

**6-7**

**mánaða bið er eftir Nissan Leaf rafbílum hjá BL.**

„Það er hárrétt að það eru aðilar sem eru að lenda í aukabiðtíma sem helgast af því almennt að eftirspurnin er tvöföld á við framleiðslugetuna á bílnum yfir höfuð. Ísland er þrátt fyrir þetta framarlega í magni sem við fáum, markaðir eins og Írland eru að fá svipað marga bíla og við,“ segir Brynjar. Hann kveður BL hafa verið að berjast fyrir því að koma afhendingu bílanna á rétt ról.

Breyting framleiðandans á uppgefinni framleiðsluáætlun í apríl hafi hins vegar verið ófyrirséð. Nú horfi þó til betri vegar og framleiðsla verið aukin á ný. Biðtíminn er þó langur.

„Ef þú ætlar að panta bíl hjá okkur núna er 6-7 mánaða bið. En við sjáum fram á að allir sem áttu pantaða bíla frá kynningunni í apríl fram í júní fái bíla á árinu. Það er búið að festa framleiðslu á okkur og þá verður þetta komið í 300 bíla, sem er nánast jafnmörg eintök og við afhentum af gamla bílnum á þremur og hálfu ári.“

mikael@frettabladid.is

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni


• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


Webasto Air Top
olíumiðstöðvar í húsbíla,
2 - 5,5kW
Verð frá kr. 166.000,-
BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is
Webasto
Feel the Drive

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Vilja ákæra fyrir glæpi gegn mannkyni

**Mjanmarski herinn sakaður um ógeðfelld brot gegn Róhingjum. Rannsóknarnefnd SÞ mælir með því að herforingjar verði ákærðir fyrir þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyninu. Friðarverðlaunahafinn Suu Kyi sögð koma í veg fyrir rannsóknir á meintum glæpum.**

**MJANMAR** Sjálfstæð rannsóknarnefnd á vegum Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna mælir með því að yfirmenn mjanmarska hersins verði sóttir til saka fyrir alvarlegustu brot á alþjóðalögum. Það er að segja þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyninu og stríðsglæpi. Þetta kemur fram í skýrslu sem birt var í gær.

Málið snýst að mestu um meint brot mjanmarska hersins, að frumkvæði hershöfðingja, gegn þjóðflokknum Róhingjum í Rakhineríki. Saga ranglætis í garð Róhingja er áratugalöng. Þann 25. ágúst í fyrra gerði Frelsisher Róhingja árás á lögreglu- og herstöðvar í ríkinu í von um að vekja heimsathygli. Mjanmarski herinn brást við af mikilli hörku, samkvæmt rannsóknarnefndinni úr öllu samhengi við árásirnar, og leiddi það til þess að um 750.000 Róhingjar flúðu til Bangladess.

Lýsingarnar á brotum hersins í skýrslunni eru ógeðfelldar. Meðal annars er sagt frá því börn hafi oft verið drepin fyrir framan foreldri sín. Þá er einnig talað um að herinn hafi staðið að nauðgunum í stórum stíl.

„Stundum var allt að 40 konum og stelpum hópnauðgað á sama tíma. Nauðganir fóru fram á opnum vettvangi, fyrir framan fjölskyldur og samfélagið allt, til að hámarka skömmina og áfallið. Mæðrum var nauðgað fyrir framan börn sín. Árásunum var sérstaklega beint gegn konum og stelpum frá þrettán ára til 25, þungaðar konur voru einnig skotmörk,“ er á meðal þess sem segir í skýrslunni.


**Róhingi við bænahald í Kutupalong-flóttamannabúðunum.** NORDICPHOTOS/AFP

Enn fremur er sagt frá því að mikill fjöldi hafi verið myrtur og líkin brennd eða grafin í fjöldagröfum. Húsum hafi verið læst og Róhingjar brenndir inni.

Aung San Suu Kyi, ríkisráðgjafi Mjanmars og raunverulegur þjóðarleiðtogi, er sögð hafa hvorki notað stöðu sína né siðferðislegt vald sitt til þess að koma í veg fyrir atburðina. Heldur hafi ríkisstjórn hennar logið um meinta glæpi, neitað því að herinn hafi brotið af sér og komið í veg fyrir óháðar rannsóknir. Suu Kyi fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1991.

Ríkisstjórnin kom í veg fyrir að rannsóknarnefndin fengi að fara til Mjanmar. Þess í stað tók hún hundruð viðtala við sjónarvotta og fórnarlömb, studdist við skjöl, gervihnattamyndir, ljósmyndir og myndskeið.

„Þau stórfelldu mannréttindabrot sem framin hafa verið í Kachin-, Rakhine- og Shanríkjum eru sláandi í ljósi hrollvekjandi eðlis þeirra. Mörg þessara brota samsvara án nokkurs vafa alvarlegustu brotum á alþjóðalögum,“ segir meðal annars í skýrslunni.

Mælst er til þess að öryggisráðið komi sér saman um að sjá til þess að réttlætinu verði fullnægt. Annaðhvort með því að vísa málinu til Alþjóðaglæpadómstólsins eða með því að samþykkja skipun sjálfstæðs stríðsglæpadómstóls. Samkvæmt blaðamanni BBC í Suðaustur-Asíu er ólíklegt að fyrri valkosturinn verði að raunveruleika þar sem Mjanmar er ekki aðili að sáttmálanum um stofnun dómstólsins. Þá er ekki útséð með hvort Kína beiti neitunarvaldi.

Einnig er mælst til þess að alþjóðasamfélagið nýti sitt vald til þess að aðstoða fórnarlömbin og vernda. Þar til öryggisráðið kemst að niðurstöðu er mælst til þess að Allsherjarþingið eða Mannréttindaráðið stofni óháða nefnd til að safna saman og greina brotin. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Orð fórnarlamba

- „Í Rakhineríki búa múslimar liggur við í búrum. Við fáum ekki að ferðast. Það eru engin mannréttindi. Ég veit ekki hvers vegna guð sendi okkur hingað.“
- „Við grétum þegar við flúðum. Afrakstur 25 ára erfiðisvinnu tapaðist. Tíminn minn er senn á enda en hvað verður um börn mín og barnabörn?“
- „Það hlupu allir eins og fætur toguðu til að sleppa á lífi. Ég gat ekki einu sinni borið börnin mín.“
- „Ég var heppin. Það nauðguðu mér bara þrír menn.“
- „Ég sný ekki aftur heim fyrr en þau viðurkenna mannréttindi okkar. Ég myndi frekar deyja hér.“
- „Hermennirnir koma ekki fram við okkur eins og fólk heldur skepnur. Þeir horfa á okkur eins og við ættum ekki að fá að vera til.“

**Heimild:** Úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar



GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# 120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL

*KING KOIL*

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018



Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**

## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

**40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM**

Queen
13.693 kr.
á mánuði*

King
18.816 kr.
á mánuði*

Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

KING KOIL
120 ÁRA
1898-2018

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Glæpur gegn mannkyni



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Við grétum þegar við flúðum. Afrakstur 25 ára erfiðisvinnu tapaðist. Tími minn er senn á enda, en hvað verður um börn mín og barnabörn?" „Það hlupu allir eins og fætur toguðu til að sleppa á lífi. Ég gat ekki einu sinni borið börnin mín." „Ég var heppin. Það nauðguðu mér bara þrír menn."

Þetta er aðeins brotabrot af þeim hörmungum sem fórnarlömb þjóðernishreinsana mjanmarska hersins lýstu fyrir rannsakendum á vegum Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Skýrslan var birt í gær og fjallað er um hana Fréttablaðinu í dag.

Raunir Róhingja í Mjanmar frá því að hreinsanirnar miklu hófust í ágúst á síðasta ári eru nú þegar orðnar að einhverjum mestu hörmungum samtímans. Á upplýsingaöld, þegar við ættum með réttu að vera tengdari hvert öðru, upplýstari um raunir annarra og full hluttekningar í garð bræðra okkar og systra, hafa Róhingjar af einhverjum ástæðum mætt afgangi.

Þetta agnarsmáa þjóðarbrot, í kringum 1,5 til 2 milljónir manna í Mjanmar og Bangladess, er alvant því að heimsbyggðin láti sér á sama standa. Undanfarna áratugi hafa Róhingjar þurft að þola útskúfun, ofbeldi, skert mannréttindi og svikin loforð. Róhingjar börðust við hlið Breta í seinna stríði, en fengu hvorki uppfyllt loforðið um sjálfstæði né viðurkenningu alþjóðasamfélagsins.

Hörmungarnar nú eiga rætur að rekja til atburða í ágúst á síðasta ári þegar herskáir Róhingjar gerðu mannskæðar árásir á herstöðvar í Mjanmar. Svar mjanmarskra yfirvalda var þjóðernishreinsun. Í kringum sjö hundruð þúsund Róhingjar flúðu hreinsanirnar yfir landamærin að Bangladess.

Hershöfðingjar og leiðtogar Mjanmar, þar á meðal Aung San Suu Kyi, handhafi friðarverðlauna Nóbels, hafna því að þjóðernishreinsanir eigi sér stað. Þau hafa hótað að fangelsa blaðamenn sem freista þess að varpa ljósi á stöðu mála.

Niðurstaða skýrslu rannsóknarnefndar Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna staðfestir það sem margir hafa haldið fram, en fáir viljað segja upphátt. Yfirvöld í Mjanmar hafa orðið uppvís að einhverjum skelfilegustu glæpum gegn mannlegri reisn og tilvist sem um getur. Hópnauðganir á konum, barnsmorð, fjöldamorð og tortíming heilu þorpanna – allt eru þetta gjaldgengar aðferðir mjanmarskra yfirvalda til að ná markmiði sínu um útrýmingu Róhingja.

Alþjóðasakamáladómstóllinn var stofnaður til að draga þá til ábyrgðar sem brotið hafa gegn mannkyni. Ísland hefur verið meðal dyggustu stuðningsríkja dómstólsins og okkur ber að berjast fyrir því að þeir sem bera ábyrgð á voðaverkunum í Mjanmar verði látnir sæta ábyrgð, á sama tíma og við réttum fámennri þjóð Róhingja hjálparhönd.

> **Ísland hefur verið meðal dyggustu stuðningsríkja dómstólsins og okkur ber að berjast fyrir því að þeir sem bera ábyrgð á voðaverkunum í Mjanmar verði látnir sæta ábyrgð.**


**Þegar ástvinur deyr - sorg og sorgarviðbrögð**

Þann 29. ágúst kl. 20:00 í safnaðarheimili Laugarneskirkju flytur sr. Halldór Reynisson erindið „Þegar ástvinur deyr, um sorg og sorgarviðbrögð". Erindið er opið öllum sem vilja leita sér stuðnings eftir andlát ástvinar. Enginn aðgangseyrir.

Að fræðslunni standa Ný dögun, Birta landssamtök Ljónshjarta og Gleym mér ei styrktarfélag.

NÝ DÖGUN Stuðningur í sorg · LJÓNSHJARTA · GLEYM MÉR EI · birta landssamtök

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is


Halldór




## Frá degi til dags

**Lágkúruleg skrif**

**John McCain, öldungadeildarþingmaður Repúblikana, lést um helgina eftir snarpa baráttu við heilaæxli. Satt best að segja hefur undirritaður ekki haft neina skoðun á hinum látna eða hans verkum. Í gær birtist skoðanapistill á vefsíðu Stundarinnar eftir varaþingmann Pírata. Þar segir meðal annars „[um McCain] hef ég fátt annað að segja en að mín tilnefning til friðarverðlauna nóbels (sic) er æxlið sem dró hann til dauða." Afgangur pistilsins er heldur ekki skárri. Innihald pistilsins segir mögulega meira um höfund hans heldur en hinn nýlátna McCain.**

**Bubbi fallinn**

**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group til tíu ára, lét af störfum í gær í kjölfar þess að afkomuspá félagsins var birt. Hún er ekki jákvæð frekar en aðrar fréttir af afkomu íslenskra flugfélaga undanfarnar vikur. Flestar bera þær merki þess að lækka flugið æði hratt. Það er ekki langt síðan Björgólfur, eða Bubbi líkt og hann er oft kallaður, var valinn viðskiptamaður ársins af blaði þessu. Mögulega er tilefni til að rifja upp rúmlega tíu ára gamla forsíðufyrirsögn í þessu samhengi, Bubbi fallinn.**

joli@frettabladid.is

# Heimurinn og við



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Á Íslandi búa nú ríflega 36.000 innflytjendur og hafa aldrei verið fleiri. Fyrirsjáanlegt er að þeim mun enn fjölga hér eins og víðar í nágrannalöndunum.

Fólksflutningar á milli landa eru í senn eitt helsta tækifæri og samhliða mikil áskorun fyrir alþjóðasamfélagið. Afstaða Íslendinga ætti að vera jákvæð í ljósi eigin sögu og flutninga, bæði fyrr á tímum og á allra síðustu árum. Reynsla innflytjenda um allan heim er hins vegar sú að þeir mæta oftar en ekki andstöðu í einhverri mynd í sínu nýja samfélagi.

Bætt staða innflytjenda á Íslandi og stefnumótun á þessu sviði er brýnt réttlætismál en líka mikilvægur þáttur í uppbyggingu fjölmenningarlegs samfélags sem eflir mannauð og eykur fjölbreytni. Hvort tveggja stuðlar að meiri sköpun, víðsýni og virkjun hugvits samfélaginu til góðs. Jöfnuður, velferð og virk þátttaka allra eru aðalsmerki farsællar samfélagsgerðar og forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs.

Teikn eru um að ójöfnuður á Íslandi hafi aukist. Stækkandi hópar fólks taka ekki nægilega virkan þátt í samfélaginu, þótt möguleikarnir séu fyrir hendi og þjóðfélagið þurfi á kröftum þeirra að halda. Þar eru innflytjendur stór, fjölbreyttur og mikilvægur hópur.

Niðurstöður kosninga í mörgum Evrópuríkjum síðustu misserin gefa til kynna að uppgangur og útbreiðsla öfgaafla sem ala á þjóðernishyggju og andúð á útlendingum og fjölmenningu er staðreynd. Hér á landi hafa slík sjónarmið einnig fengið hljómgrunn. Í mörgum ríkjum hafa flokkar sem tala fyrir útlendingaandúð komist í áhrifamiklar stöður – og í sumum ríkjum jafnvel í forsetastól.

Ísland á að vera í forystu þegar kemur að því að takast á við þessa þróun og byggja á sterkum grunngildum réttlætis og mannúðar. Ísland er þegar orðið fjölþjóðlegt samfélag sem á að virða frelsi hvers og eins til þess að aðhyllast trúarbrögð, lífsskoðanir og lífsgildi af ólíkum toga, án mismununar. Í slíku samfélagi er ekki rými fyrir rasisma, fordóma eða aðra mismunun, hvort sem er vegna trúar, menningar eða annarra þátta.

> **Bætt staða innflytjenda á Íslandi og stefnumótun á þessu sviði er brýnt réttlætismál en líka mikilvægur þáttur í uppbyggingu fjölmenningarlegs samfélags.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Af sanngirni og kennitölum í sjávarútvegi



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS

**Um eitt þúsund aðilar nýta sjávarauðlindina og greiða veiðigjald. Fjárhagsleg staða þeirra er æði misjöfn, en allir þessir aðilar skapa sannanlega störf og virðisauka fyrir samfélagið. Gjaldtaka úr hófi mun einfaldlega fækka þessum aðilum.**



Sjávarútvegur á Íslandi er ekki á nástrái, svo sem lesa mátti í leiðara Kristínar Þorsteinsdóttur, útgefanda Fréttablaðsins, á dögunum. Svo virðist sem það valdi henni hugarangri. Það sem verra er, að mati Kristínar, er að einstaka sjávarútvegsfyrirtæki, eða hluthafar þeirra, fjárfesta í öðrum rekstri. Fjárfestingar í öðru en kjarnarekstri ættu ekki að vera framandi þeim sem hafa fylgst með samtímasögunni af sæmilegri athygli. Ekki fyrir svo mörgum árum fjárfestu sumir í flestu því sem á vegi þeirra varð. Bönkum, búðum og fjölmiðlum, heima og að heiman. Með misjöfnum árangri þó.

Frumvarp til laga um veiðigjald var lagt fram í vor og verður væntanlega lagt fram aftur í haust. Aðalástæða þess, að það var lagt fram, var sú, að ekki var heimild til þess að leggja á veiðigjald eftir 1. september í ár. Þá var það einnig tilgangur frumvarpsins að færa gjaldtökuna nær í tíma því álagt veiðigjald nú byggist á afkomu greinarinnar árið 2015. Síðan þá hefur gengi krónunnar styrkst mikið og mun minna fæst núna fyrir afurðirnar en fyrir þremur árum. Hin mikla styrking á gengi krónunnar sem orðið hefur var ekki fyrirséð, en það hefur að jafnaði verið um 24% sterkara á yfirstandandi fiskveiðiári en það var á árinu 2015. Þessa fjórðungs breytingu kallar Kristín „... þegar gengi krónunnar ..., hreyfist aðeins ...“. Fjórðungs breyting er stórfelld, um það þarf ekki að hafa fleiri orð. En frumvarpið náði ekki fram að ganga þrátt fyrir augljósar réttarbætur og reiknireglu veiðigjalds sem styðst við afkomu árið 2015 var framlengd til áramóta.

**Gengið skiptir máli**

Þegar haft er í huga að 98% af íslensku sjávarfangi eru flutt úr landi, er augljóst að gengi íslensku krónunnar hefur mikið um það að segja hver afkoman er í greininni hverju sinni. Þess vegna er svo mikilvægt að færa gjaldtökuna nær í tíma. Og það verður að segjast alveg eins og er, að það verður að gera sér upp þekkingarleysi á eðli gjaldmiðla til þess að átta sig ekki á þessu samhengi. Rétt er að geta þess að sjávarútvegsfyrirtæki, eða önnur útflutningsfyrirtæki hér á landi, geta ekki skellt kostnaðarhækkun sem bundin er við Ísland út í verð afurða sinna eða þjónustu, líkt og fyrirtæki í samkeppni innanlands geta gert.

Sem rökstuðning fyrir því að sjávarútvegur sé ekki á nástrái, kýs Kristín að nýta eina kennitölu; arðsemi eigna. Val á þessari kennitölu verður að telja nokkuð misráðið, hvort heldur það stafi af ásetningi eða vanþekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, nema hvort tveggja sé. Tvennt er við þetta að athuga. Í fyrsta lagi er varhugavert að nota kennitöluna til að bera saman ólíkar atvinnugreinar þar sem eignasamsetning er mjög ólík þeirra á milli. Samanburður í þessa veru gefur því engar vísbendingar. Í öðru lagi er íslenski fiskiskipaflotinn enn gamall, þrátt fyrir töluverðar, en hvergi nægilegar, fjárfestingar á umliðnum árum. Stór hluti flotans hefur því verið afskrifaður. Af þessum sökum eru veltuberandi eignir í bókhaldi sjávarútvegs oft og tíðum ekki miklar miðað við umfang rekstrar. Það leiðir til þess að arðsemi eigna verður jafnan töluvert hátt hlutfall og síst lýsandi við mat á rekstrarlegri stöðu sjávarútvegs. Í þessu samhengi er einnig rétt að árétta að sjávarútvegur telur ekki eitt, tvö eða þrjú stórfyrirtæki. Um eitt þúsund aðilar nýta sjávarauðlindina og greiða veiðigjald. Fjárhagsleg staða þeirra er æði misjöfn, en allir þessir aðilar skapa sannanlega störf og virðisauka fyrir samfélagið. Gjaldtaka úr hófi mun einfaldlega fækka þessum aðilum.

**Erfiðar aðstæður**

Líkt og fram hefur komið í skýrslum Deloitte umliðin ár, má telja óumdeilt að aðstæður í sjávarútvegi eru verulega erfiðar – og hafa raunar ekki verið verri síðan fyrir árið 2009. Á milli áranna 2015 og 2016 varð 22% samdráttur í EBITDA í sjávarútvegi og samkvæmt nýlegri skýrslu Deloitte, sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, er gert ráð fyrir 3,6-7,7% samdrætti í EBITDA á milli áranna 2016 og 2017. Árið 2015 var hagnaður frá rekstri í sjávarútvegi 42 milljarðar króna, en árið 2016 var hann 26 milljarðar króna. Miðað við áðurgreinda skýrslu Deloitte má ráðgera að hagnaður frá rekstri árið 2017 hafi verið enn minni, en þær tölur ættu að liggja fyrir á næstu vikum. Sjávarútvegur hefur á umliðnum árum lagt verulega til nauðsynlegs og heilbrigðs hagvaxtar hér á landi. Þeim sem fá skilið hvað skapar hagsæld ætti því að vera áhyggjuefni hversu verulega sverfur að atvinnugreinum sem leggja henni til mikilvæg lóð á vogarskálar.

Kristín klykkir út með því að segja að ná verði sátt um „sanngjarnt“ gjald á sjávarútveginn og gjaldið eigi að nota til þess að reka skóla, sjúkrahús og menningarstarfsemi. Því ber að geta þess að sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi greiddu í tekjuskatt og veiðigjald hátt í 100 milljarða króna á árunum 2012-2017. Þeir peningar hafa meðal annars runnið til þeirra málefna sem útgefandinn tiltekur. Ef svo fer fram sem horfir eru raunar líkur á að hluti af þeim renni til þess að styrkja sjálfstæða fjölmiðla. Það er að segja, ef tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla frá því í vor, ná fram að ganga.

SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG
KVEIKTU Á SPARNAÐINUM



FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Sumarauki & hleðslustöð samtals að verðmæti 500.000 kr. fylgir!

**Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina**

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki ásamt hleðslustöð að verðmæti 150.000 með öllum nýjum Mitsubishi Outlander PHEV bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

**Outlander Instyle PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.490.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Það er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Aukin pressa á að ná markinu þegar yngri bróðirinn skoraði

**Finnur Orri Margeirsson, miðjumaður hjá KR, átti viðburðaríka helgi. Skoraði hann loksins sitt fyrsta mark í efstu deild í 199. leik sínum, sólarhring eftir að hafa eignast fyrsta barn sitt.**




Finnur Orri var feginn að ná marki í Pepsi-deildinni áður en hann lék 200. leik sinn í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÓTBOLTI** Finnur Orri Margeirsson, miðjumaður hjá KR, átti svo sannarlega viðburðaríka helgi þegar hann skoraði loksins fyrsta mark sitt í Pepsi-deild karla, rúmum sólarhring eftir að hafa eignast fyrsta barn sitt.

Eignaðist hann barn snemma dags á laugardaginn og var svo mættur í byrjunarlið KR í 4-1 sigri á ÍBV í Pepsi-deild karla um miðjan sunnudag. Tókst honum þar, loksins, að brjóta ísinn rúmum tíu árum eftir að hann lék fyrsta leik sinn í efstu deild fyrir uppeldisfélag sitt, Breiðablik.

Hann var skiljanlega afar kátur er Fréttablaðið tók á honum púlsinn eftir helgina.

„Það er ekki hægt að segja annað en að lífið sé gott þessa dagana, þetta var ansi mögnuð helgi. Auðvitað gerðist þetta svona, að fyrsta markið komi sömu helgi og maður eignast fyrsta barnið sitt,“ segir Finnur hlæjandi og heldur áfram:

„Það var ljúf tilfinning að sjá hann loksins í netinu, ekki að þetta hafi eitthvað legið þungt á manni.“

Eina mark hans í meistaraflokki kom í undankeppni Evrópudeildarinnar en það mark var tekið af honum í Pepsi-deildinni fyrir tveimur árum. Var það síðar skráð sem sjálfsmark og biðin hélt áfram.

Sló einn dómaranna á létta strengi með Finni eftir leik.

„Einn dómarinn hitti á mig eftir leikinn til að tilkynna mér að þetta hefði verið skráð sem sjálfsmark, hann náði mér upp í nokkrar sekúndur en svo var þetta allt á léttu nótunum,“ sagði Finnur en Halldór Páll Geirsson, markvörður ÍBV, var í boltanum á leiðinni í netið.

Aðspurður sagðist hann ekki hafa haft tíma til að henda í neitt eftirminnilegt fagn í tilefni dagsins.

„Ég náði því ekki, strákarnir voru svo ánægðir fyrir mína hönd að þegar ég sneri mér við voru þeir allir komnir brosandi til mín. Þetta er búið að liggja svolítið í loftinu, ég var búinn að vera nálægt því að skora í sumar en það gerðist ekki. Við töluðum um það um daginn að annaðhvort kæmi markið núna í sumar eða aldrei.“

Yngri bróðir hans, Viktor Örn Margeirsson, braut ísinn í efstu deild fyrr í sumar þegar hann skoraði tvívegis fyrir Blika í sigri á Víkingi.

„Þegar hann tók upp á því að skora, þá fór ég að finna fyrir smá pressu. Ég gat ekki staðið hjá markalaus á meðan hann er að skila á báðum endum vallarins,“ sagði Finnur og hélt áfram: „Ég veit samt ekki hvort ég næ að skora tvö í einum leik,“ sagði Finnur léttur að lokum.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Fylkir - Grindavík 3-1**

1-0 Daði Ólafsson (50.), 1-1 William Daniels (54.), 2-1 Ragnar Bragi Sveinsson (58.), 3-1 Daði Ólafsson (82.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 38 | KA | 23 |
| Stjarnan | 35 | ÍBV | 22 |
| Breiðablik | 34 | Víkingur R. | 20 |
| KR | 30 | Fylkir | 19 |
| FH | 27 | Fjölnir | 16 |
| Grindavík | 24 | Keflavík | 4 |

**Enska úrvalsdeildin**

**Man. Utd. - Tottenham 0-3**

0-1 Harry Kane (50.), 0-2 Lucas Moura (52.), 3-0 Lucas Moura (84.).

## Aron stýrði liði Barein í úrslitin

**HANDBOLTI** Lærisveinar Arons Kristjánssonar í landsliði Barein leika til úrslita á Asíuleikunum eftir ellefu marka sigur, 31-20, á Japan í gær. Fara leikirnir fram í Djakarta í Indónesíu en í leiknum í gær hafði Aron betur gegn Degi Sigurðssyni sem þjálfar japanska landsliðið.

Barein byrjaði leikinn af krafti og komst langt með að klára leikinn í fyrri hálfleik. Leiddu þeir með sex mörkum í hálfleik, 15-9 fyrir Barein sem sigldi sigrinum heim í seinni hálfleik.

Mun Barein því leika til úrslita á Asíuleikunum í fyrsta sinn eftir að hafa unnið alla sjö leiki liðsins á mótinu til þessa. Andstæðingur Barein verður Katar sem vann Suður-Kóreu í seinni undanúrslitaleiknum.

Dagur gæti enn farið frá Indónesíu með verðlaunapening um hálsinn takist Japan að sigra Suður-Kóreu í bronsleiknum. **kpt.**



# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 28. ÁGÚST 2018



**Með haustlægðunum koma haustflensurnar sem margar hverjar hafa þegar numið land og tekið að hrjá landsmenn. Það er engin lækning til við kvefi en ýmislegt getur gert lífið bærilegra.**

→4

Acid Soothe
- ertu með brjóstsviða?






MYND/ERNIR

# Skemmtilegt að berjast við veðuröflin

Unnur Eir Arnardóttir hefur gaman af að ögra sjálfri sér með ýmsum hætti. Hún stundar sjókajakróður milli þess sem hún kastar sér út úr flugvélum í þrettán þúsund feta hæð með félögum sínum í Flugbjörgunarsveitinni. →2

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Unnur byrjaði í nýliðaþjálfun hjá Flugbjörgunarsveitinni árið 2012. „Við erum hópur sjálfboðaliða sem sinnum útköllum, leit og björgun. En félagsskapurinn er líka mikilvægur enda erum við hópur fólks með svipuð áhugamál sem snúast um að stunda útivist og fara út fyrir þægindahringinn,“ lýsir Unnur sem er leiðbeinandi í skyndihjálp og hluti af fallhlífahópi sveitarinnar.

*Hefur hún alltaf leitað út fyrir þægindahringinn?*

„Nei,“ svarar hún hlæjandi. „Það var ekki fyrr en ég fór að nálgast þrítugt að ég fór að vilja ögra sjálfri mér.“

Unnur kynntist fallhlífastökki í Bandaríkjunum og þekkti því vel til áður en hún fór að stökkva með Flugbjörgunarsveitinni.

*En hvað er svona heillandi við þetta sport?*

„Allir sem hafa prufað fallhlífastökk segja frá því hvað þeim líður vel eftir á enda er frjálst fall mögnuð upplifun. Líklega er það adrenalínflæðið sem heillar. Eftir því sem maður nær meiri færni getur maður gert skemmtilegri hluti í frjálsu falli og undir fallhlíf,“ segir Unnur sem nýlega náði sér í leiðbeinendaréttindi í fallhlífastökki.

*Flesta óar við tilhugsuninni um að kasta sér úr flugvél í mikilli hæð. Er hún ekkert smeyk við að stökkva?*

„Það var gamall fallhlífastökkvari sem eitt sinn sagði mér að hætta aldrei að vera hrædd, því svo lengi sem maður hefur áhyggjur er maður alltaf með öryggisatriðin í lagi,“ svarar Unnur og viðurkennir að hún fái alltaf smá fiðring fyrir hvert stökk. „Enda er sú tilfinning drifkraftur fyrir því að hoppa út úr flugvél í 13.000 fetum.“

## Finnur fyrir í öllum kroppnum

Unnur reri kajak fyrst þegar hún var í bakpokaferðalagi á Nýja-Sjálandi. „Ég heillaðist alveg en hins vegar liðu fjögur ár þangað til ég fór aftur og þá í félagsróður með Kayakklúbbnum á Geldinganesi. Þá fann ég mig heima. Þetta hentar minni líkamsbyggingu og mér líður vel að vera á sjónum,“ segir Unnur. Ekki skemmir fyrir að félagsskapurinn er mjög góður. „Ég var hvött áfram af klúbbfélögum sem varð til þess að ég keypti mér bát og fór að stunda sportið af kappi.“



Unnur sigraði í öllum þeim keppnum sem hún tók þátt í í fyrra og var útnefnd kajakkona ársins.



Unnur Eir kastar sér mjög reglulega út úr flugvél.





Kayakklúbburinn er með aðstöðu við Geldinganes en hægt er að stunda kajakróður víða við strendur landsins.

Unnur segir kajakróður frábæra útivist og mjög góða hreyfingu. „Sumir nota þetta sem sína líkamsrækt,“ segir hún en bendir á að hægt sé að stunda kajakróður á marga mismunandi vegu. „Sumir kjósa að róa á lygnum sjó við örugga höfn. Aðrir leitast eftir því að fara í öldur í misjöfnu veðri. Þannig ögrar maður sjálfum sér og finnur líka fyrir í öllum kroppnum. Það eru eiginlega langskemmtilegustu róðrarnir þar sem maður þarf að berjast við veðuröflin og sjólagið.“

Unnur hefur tekið kajaksportið með trompi en hún var valin kajakkona ársins í fyrra. „Það gaf mér mikið,“ segir hún hlæjandi en ástæða nafnbótarinnar var sú að hún sigraði í öllum þeim keppnum sem hún tók þátt í, í kvennaflokki, en keppni í kajakróðri gengur út á hraða.

## Paradís kajakræðara

„Annar partur af kajakmennskunni eru ferðalög og þau eru dásamleg,“ segir Unnur. Hún segir hægt að fara hvert sem er en mikilvægt sé að hafa góða þekkingu á sjávarföllum, veðurfræði og staðháttum. „Kayakklúbburinn hefur skipulagt þó nokkuð margar ferðir. Þá er farið með viðlegubúnað í kajökunum á einhvern afvikinn stað, til dæmis út í eyju þar sem gist er um nótt og róið áfram daginn eftir. Þetta eru ferlega skemmtilegar ferðir,“ segir Unnur. Hún hefur bæði farið í ferðir út frá Geldinganesi og í eyjarnar á sundinu en einnig á Breiðafjörð. „Breiðafjörðurinn er paradís fyrir kajakferðamennsku. En það þarf að fara varlega og þekkja til því það getur verið varasamt að róa þar vegna strauma og sjávarfalla.“

## Mælir með námskeiði

*Hvað eiga þeir að gera sem langar að prófa kajakróður?*

„Ég mæli með því að fólk skrái sig fyrst á námskeið því lágmarksþekking er alger grundvöllur fyrir því að fara á sjó,“ segir Unnur og bendir á Kajakskólann og Arctic seakayaks. „Eftir að fólk hefur fengið grundvallarþekkingu ætti það bara að mæta í félagsróður með Kayakklúbbnum. Þar er ávallt tekið vel á móti nýliðum og mjög færir ræðarar gæta þeirra sem eru að mæta í fyrsta sinn,“ segir Unnur. Hún bendir á að Kayakklúbburinn standi fyrir einum opnum félagsróðri í hverri viku, allt árið um kring.



Líklega er fátt meira róandi fyrir sálina en að renna eftir spegilsléttum sjó og fylgjast með fögru sólsetrinu.

MARKAÐURINN

Vettvangur viðskiptafrétta

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Betri slökun og bættur svefn

Magnesium Sleep Lotion frá Better You er nýjung fyrir bæði börn og fullorðna sem getur virkað róandi og aukið svefngæði. Húðmjólk frá Better You sem smýgur hratt og vel inn í húðina.

Magnesíum er gríðarlega mikilvægt fyrir líkamsstarfsemina. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**Þetta steinefni hefur til að mynda áhrif á:**

- Orkumyndun (ATP í frumunum)
- Vöðvastarfsemi
- Taugastarfsemi
- Myndun beina og tanna
- Meltingu
- Blóðflæði
- Kalkupptöku
- Húðheilsu

„Líkami okkar þarf magnesíum til að ýta undir aukna orku, jafna blóðflæði, auka kalkupptöku og hjálpa vöðvastarfsemi líkamans.“

## Húðmjólk með magnesíum og ilmkjarnaolíum

Better You hefur nú sett á markað nýja línu af húðmjólk sem auðvelt er að bera á sig þar sem hún smýgur auðveldlega inn í húðina og áhrifin skila sér hratt og vel. Tvær þeirra innihalda auk magnesíums, lavender og kamillu sem róar og sefar og undirbýr líkamann fyrir svefninn.

- Magnesium Sleep er hugsað fyrir fullorðna einstaklinga og 5 ml (4 pumpur) af húðmjólkinni gefa 150 mg af magnesíum sem líkaminn tekur upp.
- Magnesium Sleep Junior er sérstaklega hönnuð fyrir börn frá eins árs aldri. Eins og fyrrnefnda varan inniheldur hún magnesíum til að hjálpa þreyttum vöðvum að ná slökun, lavender og kamillu til að róa og sefa og undirbúa líkamann fyrir svefninn. 5 ml (4 pumpur) af húðmjólk gefa 37 mg af magnesíum sem líkaminn tekur upp.

## RDS af magnesíum fyrir börn undir 14 ára aldri:

1–3 ára: 85 mg
4–6 ára: 120 mg
7–10 ára: 200 mg
11–14 ára: 280 mg

## Bætt svefngæði

„Ilmkjarnaolíurnar lavender og kamilla, ásamt magnesíum, hjálpa líkamanum að ná endurnærandi nætursvefni og sýna rannsóknir að þessi vara bætir svefngæðin sem gerir bæði börnum og fullorðnum kleift að vakna endurnærð og tilbúin í annasaman dag,“ segir Hrönn. „Það tekur sjö daga að meðaltali að ná hámarskvirkni og best er að nota húðmjólkina u.þ.b. 30 mín. fyrir svefn, á hreina og þurra húð. Má bera á allan líkamann og er sérstaklega gott fyrir háls, herðar og fætur.“



Magnesium Sleep Junior er sérstaklega samsett blanda fyrir börn frá tólf mánaða aldri. Magnesíum hjálpar þreyttum vöðvum að ná slökun fyrir svefninn.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

> Magnesíum kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum.

## Prófuð af húðsjúkdómalæknum

Þessar vörur hafa verði prófaðar af húðsjúkdómalæknum og henta fyrir viðkvæma húð. Innihalda ekki parabena, gervi-, litar- eða ilmefni.

## Eitt hreinasta magnesíum á jörðinni

„Í vörum Better You er notað Zechstein® magnesíum sem er eitt hreinasta og náttúrulegasta form af magnesíum í heiminum. Zechstein-hafið var til fyrir u.þ.b. 250 milljón árum en nú er hafsbotn þess staðsettur á u.þ.b. 1.600 metra dýpi í NV-Evrópu þangað sem borað er til að ná í hreint magnesíumklóríð.“

Sölustaðir: Flest apótek og Heilsuhúsið og Fjarðarkaup.




**Í vörum Better You er notað Zechstein® magnesíum sem er eitt hreinasta og náttúrulegasta form af magnesíum í heiminum.**




# Collagen Beauty formula

Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem styður við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að fínar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.




3 mánaða skammtur

natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Í hnipri með trefil og te

**Með haustlægðunum koma haustflensurnar sem margar hverjar hafa þegar numið land og tekið að hrjá landsmenn. Það er engin lækning til við kvefi en ýmislegt getur gert lífið bærilegra.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Fyrstu einkennin eru særindi í hálsi og svo bætist við hósti, hnerri og hor. Þú neyðist til að horfast í augu við að haustkvefið er komið. Þrátt fyrir linnulitlar rannsóknir vísindamanna öldum saman hefur ekki enn fundist skotheld lækning við kvefi og flensu og því grípa flestir til gamalla húsráða til að slá á einkennin og gera biðina eftir bata bærilegri.

Taktu því rólega. Þegar við erum lasin berst líkaminn af öllum kröftum við veirurnar sem þýðir að hann þarf meiri orku en venjulega. Þess vegna er lykilatriði að hvílast vel. Taktu veikindaleyfi frá vinnu eða skóla og ef það er ekki hægt þá skaltu alls ekki fara í ræktina fyrr en þér líður betur.

Farðu að sofa. Að liggja í hnipri í sófanum og horfa á Netflix er skammgóður vermir. Ónógur svefn veikir ónæmiskerfið og gerir okkur erfiðara fyrir að berjast við sýkla. Farðu snemma í rúmið og leggðu þig yfir daginn. Ef einkenni eins og hósti eða stíflað nef ræna þig svefni má prófa að setja fleiri kodda undir höfuðið sem bæði dregur úr þrýstingi á ennisholur og stíflur og gerir það auðveldara að draga andann.

Drekktu og drekktu meira. Nægur vökvi þynnir slím og hor og dregur úr stíflumyndun í nefi. Ofþurrkun getur líka valdið höfuðverkjum og þreytu. Slepptu samt koffíni og áfengi en hafðu vatn alltaf við höndina.

Til að draga úr hálseymslum er gott að gurgla með saltvatni sem dregur úr bólgum og losar um slím. Leysið hálfa teskeið af salti upp í heitu vatni og gurglið nokkrum sinnum á dag.



Haustkvefið getur verið í meira lagi hvimleitt og ef það ber að dyrum er mikilvægt að hvílast vel og snýta sér rétt.



Hunang mýkir hálsinn en hefur líka bólgueyðandi eiginleika og hentar vel út í flesta heita vökva.



Kjúklingasúpa er ekki bara bragðgóð og næringarrík heldur bætir hún svefn og dregur úr og eyðir bólgum.

Drekktu heita drykki. Bæði er huggun í því að hjúfra sig að heitum tebolla og svo sýna rannsóknir að hiti getur linað kvefeinkenni eins og hálsbólgu og slappleika. Slepptu samt koffíninu og drekktu frekar ávaxtate, sítrónuvatn eða heitt soð.

Fáðu þér hunang. Hunang getur mýkt hálsinn og þannig minnkað særindi vegna þráláts hósta. Hunang hefur bólgueyðandi eiginleika og hefur auk þess róandi áhrif á bæði börn og fullorðna. Tvær teskeiðar af hunangi út í heita mjólk eru gamalt og gott húsráð við flensu og ekki skaðar að setja kanil út í sem líka hefur bólgueyðandi eiginleika. Heitt sítrónuvatn með hunangi er líka kjörið að taka með sér í vinnuna á brúsa ef ekki er í boði að vera heima. Athugið að gefa ekki börnum yngri en eins árs hunang vegna möguleika á ofnæmi.

Heitt bað eða sturta er alltaf skothelt ráð til að láta sér líða betur en ef baðið er mjög heitt getur gufan líka losað um slím. Annað gott ráð við miklum stíflum er að setja handklæði yfir höfuðið, beygja sig yfir skál með rjúkandi heitu vatni og anda að sér gufunni.

Mundu að hiti er leið líkamans til að drepa bakteríur og þess vegna er ekki endilega rétt að byrja að bryðja hitastillandi lyf um leið og mælirinn sýnir nokkrar kommur. Það er samt að sjálfsögðu mikilvægt að meta aðstæður hverju sinni því langvinnur hár hiti getur verið hættulegur.

Heitir bakstrar geta verið notalegir og dregið úr bólgum og losað stíflur í nefi. Hægt er að gegnbleyta klút með brennandi heitu vatni, setja hann í plastpoka og vefja svo efni utan um pokann til að búa til þennan fína bakstur.

Ilmolíur eins og eukalyptus geta losað um stíflur tímabundið til dæmis í formi smyrsla til að smyrja undir nefið og líka hálsbrjóstsykur. Athugið þó að hálsbrjóstsykur getur þurrkað upp heilbrigðu slímhúðina og það sama á við um nefsprey svo hvort tveggja ber að nota í hófi.

Það er mikilvægt að snýta sér oft og vel frekar en að sjúga upp í nefið en það skiptir máli hvernig. Ef þú blæst of harkalega fer þú ert hætta á að hor fari upp í eyrnagöngin og valdi sýkingum þar. Besta leiðin er að blása létt til skiptis í gegnum hvora nös og loka hinni með fingrinum á meðan.

Heit súpa er eitt það besta sem hægt er að borða þegar kvef og flensa knýja dyra því hún er bæði auðsnæðanleg og full af næringarefnum. Kjúklingasúpa hefur sýnt sig að hafa róandi áhrif á bólgur í líkamanum sem gæti dregið úr einkennum og þá eru súpur með lauk, hvítlauk og chili kjörfæða þeirra sem vilja láta sér batna fljótt og vel.




# Nýtt grænmeti í matseldina

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Nú er sá tími þegar grænmetið er hvað ferskast og best. Það er um að gera að nýta uppskeruna, hvort sem hún er úr eigin garði, skólagörðum eða bara úr búðinni. Spergilkál er svokölluð ofurfæða. Spergilkálið eða brokkolí, eins og það er líka nefnt, er stútfullt af vítamínum, þar má nefna C-, B- og K-vítamín auk kalks og járns. Spergilkál heldur næringarefnum sínum ágætlega þótt það sé soðið og er því upplagt í þessa góðu spergilkálssúpu.

## Súpa með spergilkáli, spínati og kókos

- 1 stór haus spergilkál
- 1 laukur
- 2 hvítlauksrif
- ½ grænn chili-pipar
- 1 msk. rifin engiferrót
- 1 tsk. cumin
- ½ tsk. kóríander, þurrt
- 8 dl kjúklingakraftur
- 3 dl kókosmjólk
- 100 g spínat
- Nokkrir dropar sítrónusafi
- Salt
- Pipar
- Olía



Súpa með spergilkáli og spínati.

### Til skreytingar

- Kókosflögur, ristaðar
- Ferskt kóríander
- Chili-pipar

Skolið spergilkálið og takið í sundur. Skerið stilkinn í litla bita. Skrælið lauk og hvítlauk og skerið smátt. Sömuleiðis er chili-piparinn skorinn smátt.

Hitið olíu í stórum potti og steikið laukinn. Því næst er hvítlaukur og chili sett út í, engifer, cumin og kóríander. Bætið þá kraftinum saman við og setjið spergilkálið út í. Látið malla í fimm mínútur en bætið þá kókosmjólkinni saman við. Setjið spínatið saman við og látið sjóða í tvær mínútur.

Maukið allt saman með töfrasprota. Bragðbætið með salti, pipar og nokkrum dropum af sítrónusafa. Setjið á diska og skreytið með ristuðum kókos, fersku kóríander og smátt skornum chili-pipar.

## Vel kryddað lamb í karrí

Mjög góður hversdagsréttur með asísku tilbrigði. Í þennan rétt er notað grænmeti og því má segja að hann sé hollur og góður. Uppskriftin ætti að duga vel fyrir fjóra.

- 250 g lambakjöt
- 3 msk. olía
- ½ rauður chili-pipar
- 1 tsk. engifer
- 2 gulrætur
- 1 laukur
- Lítill haus spergilkál
- 4 dl kókosmjólk
- 2 sítrónugrasstönglar
- 1 msk. karrímauk, rautt
- 2 tsk. púðursykur
- Salt og pipar

Skerið gulrótina smátt og hlutið spergilkálið. Skrælið laukinn og skerið smátt, sömuleiðis engifer og hvítlauk. Fræhreinsið chili-piparinn og skerið smátt. Sítrónugrasið er sömuleiðis skorið mjög smátt. Skerið kjötið í bita. Hitið olíu á pönnu og brúnið kjötið. Takið af pönnunni og setjið engifer, chili, lauk og grænmeti á pönnuna, bætið við karrímauki, sítrónugrasi og kókosmjólk. Látið malla í 10-15 mínútur. Bragðbætið með sykrinum, salti og pipar. Setjið kjötið aftur saman við og látið allt malla í nokkrar mínútur. Berið fram með hrísgrjónum.

**NÝ VARA**

# Líklega **ódýrustu** rafmagns-borðin á Íslandi



**H borðin**
Flottir og sterkir rafmagnsfætur sem koma ýmist með einum eða tveimur mótorum. Á H1 fæturna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur, á H2 fæturna er hægt að setja 120-200cm langa plötu. Fæturnir eru til á lager í gráu og hvítu.

**H1 borð** með einum mótor, minnisstýringu og 80kg lyftigetu.

**Kynningarverð**
**48.800,-**
mv. 120cm plötu

**H2 borð** með tveimur mótorum, minnis-stýringu og 100kg lyftigetu.

**Kynningarverð**
**frá 65.900,-**
mv. 120cm plötu

## Nýjar vörur – fylgihlutir



**Skjáarmur**
fyrir einn skjá
**11.900.-**



**Skjáarmur**
fyrir tvo skjái
**20.900.-**

**Tölvuupphengja**
**9.900.-**



**Leiðslubarki**
**990.-**



**Gelmotta** til að standa á
**12.900.-**



**Hirzlan** 25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is

MYNDFORM GRAFÍK

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLABORG.is



**TILBOÐSBÍLAR**
VW POLO DIESEL. Nýskr 07/2011, ek 172 Þ.KM, 5 gírar. Tilboðsverð 499 þús. Möguleiki á 100% láni. Rnr.111177.



**TILBOÐSBÍLAR**
TOYOTA LAND CRUISER 90. Nýskr. 05/1999, ek 344 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 499 þús. Möguleiki á 100% láni til 36 mánaða. Rnr.111260.



**TILBOÐSBÍLAR**
SUBARU LEGACY STW, 04/2006, ek 219 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 399 þús. Möguleiki á 100% láni til 36 mánaða. Rnr.111184.



**TILBOÐSBÍLAR**
HYUNDAI SANTA FE V6, Nýskr 06/2006, ekinn 224 Þ.KM,sjálfskiptur. Tilboðsverð 399 þús. Möguleiki á 100% láni til 36 mánaða. Rnr.111275.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



TOYOTA Auris - Dísel 2012 Mjög gott eintak, ekinn 125 þús. Verð kr. 1.150 þús. Uppl. í síma 896-3038

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569


Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi






586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Háþrýstiþvottur & Sandblástur**
Alhreinsun/strípun á t.d. stein,múr, stáli osfrv. Mikil reynsla - öflug tæki.
**S: 860-2130**

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði til sölu



**TIL FLUTNINGS.39 FERM.**
Tilbúið nýtt 2 svefnh. 2 baðherbergi, eldhús, stofa, þvottavél, þurkari,ísskápur, frystiskápur,ofnar,rúm,skápar,lýsing og fl. Verð 7.3 staðgreiðsluafsláttur. Uppl. 820-5181

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is





Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is







# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

MOSFELLSBÆR

### Kynning á deiliskipulagslýsingu:

## Deiliskipulag Vesturlandsvegar, frá Skarhólabraut að Reykjavegi, í Mosfellsbæ

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Fyrir gerð deiliskipulags** yfir Vesturlandsveg og veghelgunarsvæði frá gatnamótum við Skarhólabraut að gatnamótum við Reykjaveg. Lengd skipulagssvæðis er tæplega 2,5 km.
Megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er m.a. að afmarka nýja legu Vesturlandsvegar (tvær akreinar í sitthvora átt með miðeyju) og núverandi tengingar. Skilgreina ný undirgöng, veghelgunarsvæði fyrir möguleg mislæg gatnamót, göngu-, hjóla- og reiðstíga með fram Vesturlandsvegi og tengsl deiliskipulags við nærliggjandi svæði.

Í deiliskipulagslýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna skulu vera skriflegar og má skila þeim til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs. Æskilegt er að þær berist fyrir 15. september 2018.

28. ágúst 2018,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholt 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR

### Kynning á verkefnislýsingu:

## Aðalskipulagsbreyting í landi Dallands í suðurhluta Mosfellsbæjar og deiliskipulag fyrir jörðina Dalland.

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar tvær verkefnislýsingar skv. 30.gr. og 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Fyrir breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030** - svæði fyrir frístundabyggð í suðurhluta Mosfellsbæjar. Mosfellsbær áformar að breyta landnotkun á tveimur skikum, (125203 og 125372) vestan Dals í landi Dallands úr svæði fyrir frístundabyggð (F) í landbúnaðarsvæði (L). Tilefni aðalskipulagsbreytingarinnar eru áform landeiganda Dallands sem rekur umfangsmikla landbúnaðarstarfsemi að reisa ráðsmannshús ásamt tveimur öðrum starfmannahúsum í góðum tengslum við starfsemina á jörðinni.

**Fyrir gerð deiliskipulags** - yfir jörðina Dalland í Mosfellssveit og lönd sem tilheyra henni. Jörðin liggur sunnan og norðan við Hafravatnsveg og sunnan við Nesjavallaveg. Megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina er m.a. að skilgreina aðkomu og byggingareiti fyrirliggjandi og væntanlegra bygginga í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á jörðinni.

Í verkefnalýsingum kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa. Verkefnalýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna skulu vera skriflegar og má skila þeim til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs. Æskilegt er að þær berist fyrir miðjan september 2018.

28. ágúst 2018,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholt 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Ný tækifæri, nýjar áskoranir!



HAGVANGUR

www.hagvangur.is

# FRÁBÆRT TILBOÐ

## Á TVEIMUR AF OKKAR VINSÆLUSTU STEINUM

Innifalið:
Áletrun, ígrafin mynd, granítlukt, granítvasi og uppsetning.

Vægt aksturgjald er tekið fyrir uppsetningu utan höfuðborgarsvæðisins.




2006

**249.900 KR.**
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~
Afsláttur kr. 159.000,-

**ATH.!!!**
AÐEINS 20 STEINAR Í BOÐI AF HVORRI GERÐ Á ÞESSU TILBOÐI




**239.900 KR.**
~~ÁÐUR: 396.000 KR.~~
Afsláttur kr. 157.000,-

### BEÐRAMMI Á TILBOÐI MEÐ ÞESSUM STEINUM 20% AFSLÁTTUR

Fullt verð: kr. 86.800,-
Tilboðsverð kr. 69.440,-
miðað við 80x80 cm. ramma.

Innifalið:
Hvít möl, jarðvegsdúkur og uppsetning

**ATH ! GÓÐ TILBOÐ Á ÖLLUM ÖÐRUM STEINUM**

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM ?

Í september og október er
**25% afsláttur**
af allri vinnu við viðhald legsteina hjá Graníthöllinni.
Við tökum að okkur að hreinsa legsteina, endurmála letur og rétta af legsteina sem eru farnir að halla




Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Merkisatburðir

**1971** Hróarskelduhátíðin er sett í fyrsta skipti.

**1981** Hallgrímur Marinósson lýkur ferð sinni umhverfis landið á tíunda degi, hann bakkaði alla leiðina.

**1986** Útvarpsstöðin Bylgjan byrjar útsendingar, fyrst stöðva eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins er afnuminn.



**1988** Þrjár af flugvélum ítalska listflugshópsins Frecce Tricolori rekast saman yfir Ramstein-flugstöðinni. Ein þeirra hrapar á áhorfendur og 75 láta lífið.

**1996** Karl Bretaprins og Díana prinsessa skilja.

**2014** Recep Tayyip Erdoğan verður forseti Tyrklands.



Örn Hrafnkelsson veit sitt af hverju um sögu safnsins og ætlar að miðla því til gesta í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Landsbókasafnið 200 ára

**Landsbókasafnið, sem í fyrstu hét Stiftsbókasafnið, er 200 ára í dag. Örn Hrafnkelsson sagnfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna Tímanna safn í Þjóðarbókhlöðunni.**

Við höfum haldið upp á 200 ára afmælið með ýmsum hætti allt árið," segir Örn Hrafnkelsson, sagnfræðingur á Landsbókasafni Íslands, en 28. ágúst 1818 telst stofndagur þess. Hann segir fyrirlestraröð vera í gangi og nefnir líka sögusýninguna Tímanna safn sem var sett þar upp í vor. „Ég mun labba um sýninguna í dag klukkan 13 og segja einhverjar skemmtisögur," bætir hann við glaðlega.

Örn er sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar endurgerðar á safninu. Hann sér um að unnið sé skipulega að því að setja efni þess á alnetið. Nefnir sem dæmi síðuna timarit.is. „Við náum að halda utan um alla íslenska útgáfu og setja á netið. Aðgangurinn er frír og það er sérstakt á heimsvísu. Erlendis ná þjóðbókasöfn milljónasamfélaga ekki sama árangri og þar þarf almenningur að borga fyrir aðgang." Hann segir 2-3.000 manns fara inn á timarit.is á hverjum sólarhring og fletta um 30.000 blaðsíðum samanlagt, að meðaltali. „Ef þessi fjöldi kæmi hér í húsið daglega, þá gætum við ekki annað þjónustunni," segir hann og nefnir, til fróðleiks, að 80% af notkuninni séu innanlands og 20% erlendis.

Allar íslenskar bækur, útgefnar frá 1540 til 1844, sem eru í eigu safnsins, er búið að mynda, að sögn Arnar og nú er verið að mynda erlendar ferðabækur. „Við eigum hér þrjú stór söfn erlendra ferðabóka, mjög spennandi. Öll Íslandskort sem hafa verið gefin út eru aðgengileg á netinu og smám saman erum við að skrá öll handrit rafrænt og mynda þau," upplýsir hann.

> **Við náum að halda utan um alla íslenska útgáfu og setja á netið. Aðgangurinn er frír og það er sérstakt á heimsvísu.**

Ekki er allt upp talið því Örn bendir á að á vefnum hljodsafn.landsbokasafn.is sé mikið efni komið inn. „Fyrsti íslenski geisladiskurinn var gefinn út 1986 – Bubbi Morthens – og geisladiskar hafa ekki endalausan líftíma. Hér er verið að færa þá alla inn á stafrænt form og sama er að segja um kasetturnar."

**gun@frettabladid.is**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,

**Guðbjörg Bjarnadóttir**

Heiðargerði, 801 Selfoss,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans miðvikudaginn 22. ágúst. Útför hennar fer fram frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 14.00.

**Ragnar Ingólfsson**
**Þórunn Ragnarsdóttir** **Óskar Örn Gunnarsson**
**Bryndís Ragnarsdóttir** **Kristján Bergur Helgason**
**Jónína K. Kristjánsdóttir**
**barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnfinnur Friðriksson**

ökukennari,

lést á hjartadeild Landspítalans laugardaginn 18. ágúst. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, þriðjudaginn 4. september kl. 14. Blóm, kransar og samúðarkort vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Steinunn Pálsdóttir**
**Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir** **Guðmundur Jóhann Gíslason**
**Friðrik Páll Arnfinnsson** **Ragnheiður Vala Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Sigríður Ólafsdóttir**

Hrafnistu við Brúnaveg, áður Básenda 1, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 21. ágúst 2018. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 29. ágúst klukkan 13.00.

**Hallgrímur Jónasson** **Guðríður Kristófersdóttir**
**Guðrún Jónasdóttir** **Eiríkur Páll Eiríksson**
**Helga Jónasdóttir**
**Elísabet Jónasdóttir**
**Ólafur Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---

✝



Elskulegur sonur minn og bróðir,

**Þorsteinn Kristinn Stefánsson**

Lokastíg 4, Dalvík,

lést þriðjudaginn 21. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 4. september kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**F.h. aðstandenda,**
**Rannveig Anna Guðmundsdóttir**

---

✝



Ástkær stjúpfaðir okkar og móðurbróðir,

**Ingi Þorbjörnsson**

frá Kirkjubæ í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis að Safamýri 81,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 25. ágúst sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Eirar fyrir frábæra umönnun.

**Guðmunda Kristinsdóttir**
**Sigríður Hanna Kristinsdóttir** **Hjörleifur H. Helgason**
**Hannes Kristinsson**
**Þóra Kristinsdóttir** **Rögnvaldur Möller**
**Ingibjörg Bragadóttir**
**Þorsteinn Árnason**
**Jóhannes Þór Ingvarsson** **Margrét Lilja Kjartansdóttir**

---

✝



Okkar heittelskaða og ljúfa mamma, sambýliskona, tengdamóðir, amma, tengdadóttir, mágkona og vinkona,

**María Jolanta Polanska**

túlkur og þýðandi,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu og ástvina þann 24. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 30. ágúst kl. 15.

**Hafsteinn Auðunn Hafsteinsson**
**Maria Magdalena Steinarsdóttir** **Hjörleifur Björnsson**
**Sandra María Steinarsdóttir Polanska** **Kjartan Guðjónsson**
**Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir**
**og aðrir aðstandendur og vinir Jolantu.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Sigurðar Tómassonar**

Sólheimatungu.

**Rita Larsen**
**Helle Larsen** **Júlíus Árni Rafnsson**
**Kristín Sigríður Sigurðardóttir**
**og afabörn.**


BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni
ÚTSALA
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í App Store eða Google Play.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Á dag er útlit fyrir norðan 8 til 13 metra á sekúndu, en hægari vindur sunnan- og austanlands. Búast má við skúrum nokkuð víða, en norðanlands verður lengst af samfelld rigning. Hiti 7 til 14 stig, hlýjast á Suðurlandi.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 4° |
| ↘6 | ↓6 | ↘8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 12° | 2° |
| ↘8 | ↓8 | ↓7 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 8° |
| ↑12 | ↖9 | ↑5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 7° | 3° |
| ↖9 | ←4 | ↑14 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 1 | 3 | | 9 | |
| 5 | | | 7 | | | 1 | | |
| | 1 | | 6 | | | | 5 | |
| | 9 | 5 | 2 | | | | 4 | |
| | | 6 | 4 | | | 8 | | |
| 3 | 7 | | | 5 | 1 | | | |
| 6 | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 9 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 6 | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 6 | 1 | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 7 |
| 9 | 7 | | | | 3 | 2 | 4 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 1 |
| 6 | 2 | | 9 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 8 | | | |
| | | | | 3 | 4 | | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. klæða
5. runa
6. átt
8. galgopi
10. tveir eins
11. máleining
12. hrumur
13. eining
15. sköpun
17. slanga

**LÓÐRÉTT**
1. óast
2. fold
3. sprei
4. skaprauna
7. orðaskipti
9. töluvert
12. viðskipti
14. málmur
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** hjúpa, **5.** röð, **6.** nv, **8.** æringi, **10.** óð, **11.** orð, **12.** skar, **13.** stak, **15.** tilurð, **17.** naðra. **LÓÐRÉTT: 1.** hræðast, **2.** jörð, **3.** úði, **4.** angra, **7.** viðræða, **9.** nokkuð, **12.** sala, **14.** tin, **16.** rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Lasker átti leik gegn Short í Montreal 1892.

**1. Rf5! 1-0.**
Caruana var efstur fyrir lokaumferðina í St. Louis sem lauk í gærkveldi. Vignir Vatnar Stefánsson hefur 4½ vinning eftir 7 umferðir á EM ungmenna.
**www.skak.is:** Ofurmótið í St. Louis.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman





HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Þorleifs Gauks
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Kvartett munnhörpuleikarans Þorleifs Gauks Davíðssonar mun spila á djasskvöldi Kex. Agnar Már Magnússon leikur á Hammondorgel, Guðmundur Pétursson á gítar og finnski trommuleikarinn Aleksi Heinola á trommur. Þorleifur Gaukur hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi frá unga aldri. Hann hefur m.a. spilað með Victor Wooten, David Grisman, Bob Margolin, KK, Vinum Dóra, Tómasi R. Einarssyni og mörgum fleirum. Síðustu ár hefur hann ferðast um heiminn með Kaleo samhliða námi við Berklee College of Music. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Youssou N'Dour
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Youssou N'Dour, einn vinsælasti tónlistarmaður Afríku, heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu 28. ágúst næstkomandi, ásamt hljómsveit. N'Dour hélt eftirminnilega tónleika hér á landi í júní árið 2000 og voru þeir á dagskrá tónlistarhátíðarinnar Reykjavík Music festival. N'Dour er frá Senegal og hefur um árabil verið einn vinsælasti tónlistarmaður Afríku og þá bæði í heimsálfunni sem utan hennar og fyllir enn tónleikastaði um allan heim.



**Það verður spilaður eðaldjass á Kexi hosteli í dag.**

### Viðburðir

**Hvað?** Þyrnar og reyniviðir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Í Grasagarði Reykjavíkur er gott safn þyrna (Crataegus) og reyniviðar (Sorbus). Margar þessara plantna sýna góð þrif með blómríki, aldinfegurð og haustlitum. Í göngunni verða þessar ættkvíslir skoðaðar. Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, leiðir gönguna sem hefst við aðalinngang garðsins kl. 20. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Xiaolu Guo í Reykjavík: Að þýða menningu
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Veröld, hús Vigdísar
Kínversk-breski listamaðurinn, rithöfundurinn og kvikmyndagerðarkonan Xiaolu Guo heldur fyrirlestur þriðjudaginn 28. ágúst í Veröld – húsi Vigdísar. Uppvaxtarsaga hennar, Einu sinni var í austri, kom út hjá Angústúru fyrir tæpu ári í þýðingu Ingunnar Snædal, og hefur heillað íslenska lesendur. Að fyrirlestrinum og umræðum loknum verður sýnd heimildarmyndin We Went to Wonderland sem Xiaolu Guo gerði um heimsókn foreldra sinna til Evrópu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** The Miracle of light
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Jógasetrið
Samvara, virtur búddískur kennari og höfundur metsölubókarinnar The Enlightenment Workbook, mun kenna hugleiðslu í Jógasetrinu. Auk hugleiðslukennslu mun Samvara fjalla um: Leiðina að uppljómun – Búddíska dulspeki – Að auka orku þína – Að takast á við streitu - Að koma jafnvægi á líf þitt – Sjálfsheilun – Heilun á langvarandi sársauka og „ólæknandi" sjúkdómum – Kraftaverkaheilun. Frítt inn og allir velkomnir.

**Hvað?** Kynningarfundur – Þríþrautardeild Breiðabliks
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dalsmári
Kynningarfundur á starfsemi félagsins æfingatímabilið 2018-2019. Fyrirkomulag æfinga, æfingatímar, æfingapakkar, æfingabúðir, þjálfarar.

**Hvað?** KjarnaRæs, Innri styrkur með Arnóri
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Kristalhofið
Það skiptir ekki máli hvar hreyfingin byrjar, hún tengist nánast alltaf kjarnanum! Þannig að ef kjarnavöðvarnir eru veikburða og stirðir getur það haft neikvæð áhrif hvernig þú beitir líkamanum sem veldur því að líkaminn eyðir meiri okru heldur en hann þarf. Vel byggður og sveigjanlegur kjarni aðstoðar hins vegar líkamann við að viðhalda orkunni, styrkir hann, eykur kraft og jafnvægi.

**Hvað?** Grunnsporin í hekli
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Duus handverk
Farið verður yfir öll grunnsporin í hekli. Nemendur fá bækling með grunnsporunum og uppskrift að teppi þar sem öll sporin eru nýtt. Námskeiðið stendur til kl. 20. Verð er 7.000 kr. Það þarf að greiða til að staðfesta skráningu.

**Hvað?** Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 200 ára
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Landsbókasafn Íslands, Arngrímsgötu 3
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er 200 ára um þessar mundir, en opinber afmælisdagur er talinn 28. ágúst. Safnið er því ein af elstu stofnunum landsins. Haldið er upp á afmælið allt árið og stendur safnið fyrir margvíslegum viðburðum, auk þess að taka þátt í viðburðum vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands. Á afmælisdaginn er almenningi sérstaklega boðið að koma og skoða safnið og húsakynni þess.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Adrift | 18:00 | Andið eðlilega (UK SUB) | 20:00 |
| Kona fer í stríð (UK SUB) | 18:00 | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:00 |
| Svanurinn (UK SUB) | 18:00 | Killing of a Sacred Deer (UK SUB) | 22:00 |
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 20:00 | Undir trénu (UK SUB) | 22:00 |
| Personal Shopper (UK SUB) | 20:00 | | |







ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum IONIQ rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

IONIQ rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

**Hyundai IONIQ 100% rafbíll. Verð frá: 3.590.000 kr.**

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM89300




CASTLE ROCK
KL. 20:55
Algerlega magnaður sálfræðitryllir úr smiðju J.J. Abrams, byggður á spennuþrungnum skáldsöguheimi Stephens King.




Þrælgott þriðjudagskvöld
Fáðu þér áskrift á stod2.is

MAJOR CRIMES
KL. 20:15
Skemmtileg þáttaröð um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.





BETTER CALL SAUL
KL. 21:45
Nú erum við að tala um undanfara vinsælustu þátta allra tíma, Breaking Bad. Hörkugóðir þættir um lævísa lögfræðinginn Saul Goodman en þessi sería gerist stuttu áður en Breaking Bad sagan hefst.

NOTES FROM THE FIELD
KL. 22:30
Vönduð heimildarmynd í umsjón Önnu Deavere Smith sem barist hefur fyrir því að knýja fram breytingar í samfélaginu innan frá.




SUPERNATURAL
KL. 22:25
Yfirnáttúrlegir spennuþættir um Winchester bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Grantchester
**11.10** Nettir Kettir
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.40** American Idol
**15.05** American Idol
**15.50** Fright Club
**16.35** Wrecked
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Goldbergs
**19.45** Great News
**20.10** Major Crimes
**20.55** Castle Rock Sálfræðitryllir af bestu gerð úr smiðju J.J. Abrams byggður á sagnaheimi Stephens King. Sögusviðið er smábærinn Castle Rock í Maine þar sem dularfullir atburðir eru daglegt brauð. Lögfræðingurinn Henry Deaver, sem leikinn er af Andre Holland, snýr aftur á heimaslóðir og tekur að sér mál sem reynist honum erfiðara en hann átti von á. Bill Skarsgaard leikur skjólstæðing hans sem er fámáll og fortíð hans hjúpuð dulúð. Hér fléttast saman, á afar snjallan hátt, þræðir héðan og þaðan úr sagnasafni meistara King í sjálfstæða frásögn um stórbrotna baráttu milli góðs og ills sem á sér enga líka. Með önnur hlutverk fara meðal annars Melanie Lynskey, Scott Glenn og Sissy Spacek.
**21.40** Better Call Saul
**22.30** Notes From the Field
**00.05** Greyzone
**00.50** Nashville
**01.35** Orange is the New Black
**02.30** The Brave
**03.15** The Brave
**04.00** Ballers
**04.30** Newspaper Man: The Life and Times of Ben Bradlee

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Fylkir - Grindavík
**08.50** Pepsímörkin 2018
**10.10** Pepsímörk kvenna 2018
**11.10** Messan
**12.40** Manchester United - Tottenham
**14.20** Wolves - Manchester City
**16.05** Liverpool - Brighton
**17.55** Premier League Review 2018/2019
**18.50** Dynamo Kiev - Ajax
**21.00** Ítölsku mörkin 2018/2019
**21.50** HK/Víkingur - Grindavík
**23.30** Pepsímörk kvenna 2018

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Roma - Atalanta
**08.40** Juventus - Lazio
**10.20** Napoli - AC Milan
**12.00** Manchester United - Tottenham
**13.40** Arsenal - West Ham
**15.20** Bournemouth - Everton
**17.00** Southampton - Leicester
**18.40** Ítölsku mörkin 2018/2019
**19.30** Fylkir - Grindavík
**21.10** Leganés - Real Sociedad
**22.50** Dynamo Kiev - Ajax

### STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off The Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute
**21.40** The Originals
**22.25** Supernatural
**23.10** The Hundred
**23.55** The Newsroom
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.54** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.23** Mæja býfluga
**10.35** K3
**10.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.23** Mæja býfluga
**14.35** K3
**14.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.23** Mæja býfluga
**18.35** K3
**18.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**19.00** Skógarstríð 3

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**



### GOLFSTÖÐIN

**07.00** The Northern Trust
**11.00** PGA Highlights 2018
**11.55** The Northern Trust
**15.55** Canadian Pacific Women's Open
**18.55** Golfing World 2018
**19.45** The Northern Trust

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** Maggie's Plan
**13.50** Girl Asleep
**15.10** Rachel Getting Married
**17.05** Maggie's Plan
**18.45** Girl Asleep
**20.05** Rachel Getting Married Dramatísk mynd sem Anne Hathaway var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir. Hún leikur unga konu sem er nýkomin úr meðferð en heldur heim til sín til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar.
**22.00** Hancock Fyndin spennumynd með Will Smith og Charlize Theron í aðalhlutverkum. Óvinsæl ofurhetja leitar til kynningarfulltrúa til að laga ímynd sína og vinna traust almennings á ný.
**23.35** American Heist
**01.10** Desierto
**02.40** Hancock

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Andri á flandri
**14.25** Úr Gullkistu RÚV: Eldað með Ebbu
**14.55** Svipmyndir frá Noregi
**15.00** Framapot
**15.25** Basl er búskapur
**15.55** Veröld sem var
**16.25** Úr Gullkistu RÚV: Þú ert hér
**16.50** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Húrra fyrir Kela
**18.25** Úmísúmí
**18.48** Hundalíf
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Bannorðið
**21.05** Stacey Dooley: Kynlífsiðnaðurinn í Japan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Leitin
**23.10** Nikolaj og Júlía
**23.55** Mótorsport
**00.25** Kastljós
**00.40** Menningin

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.55** Superstore
**14.20** Top Chef
**15.10** American Housewife
**15.35** Kevin (Probably) Saves the World
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Black-ish
**20.10** Rise
**21.00** The Good Fight
**21.50** Star
**22.35** I'm Dying Up Here
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI: Miami
**01.30** Mr. Robot
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Elementary
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
Trust MÆTIR
Sérfræðingar frá Trust verða á staðnum og veita góð ráð laugardag
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 VÖRUM
NOKIA MÆTIR
Sérfræðingar frá Nokia verða á staðnum og veita góð ráð laugardag
NOKIA
NOVA DISKÓ DROTTNING
Settu símanúmerið þitt í Nova Diskó kúluna og þú gætir unnið Nokia 7+ síma
KAUPIR NÚNA OG GREIÐIR 1. NÓV 2018
AFMÆLISGREITT
2,95% lántökugjald og greiðslu- og tilkynningargjald kr. 195
Fyrir upphæð allt að 350.000
12 ára
GJAFA POKI
Fyrstu 50 viðskiptavinir á dag fá flottan gjafapoka
AFMÆLISVEISLA TÖLVUTEKS
27. Ágúst - 2.September 2018 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl
TÖLVUTEK
AFMÆLIS VEISLA
Mánudag til föstudags 10:00 - 18:00
Laugardag og sunnudag 12:00 - 18:00
AFMÆLIS BÆKLINGUR
GEGGJUÐ TILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ ALLA VIKUNA Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni








# Þorstanum í ÞUNGAROKK svalað í sumar

Sumarið hefur einkennst af komu ógnarstórra þungarokksbanda hingað til lands. Góðvinirnir Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands slógu lokatóninn í einu stærsta þungarokkstónleikasumri Íslandssögunnar. Fréttablaðið tók saman málmsumarið mikla 2018.

## Skálmöld og Sinfó

Um 7.000 manns mættu í Hörpu til að hlýða á stærstu þungarokkssveit landsins máta sig að nýju við Sinfóníuhljómsveit landsins. Tónleikarnir voru ótrúlegir í alla staði og báðar sveitir eignuðust nýja aðdáendur. Ungir sem aldnir stóðu, öskruðu og klöppuðu af hrifningu eftir hvert lag. Skálmöld hyggst svo gefa út plötuna Sorgir hinn 12. október.

**Áhorfendur:** 7.000

## Slayer

Bandarísku rokkrisarnir komu á Secret Solstice og gerðu stormandi lukku. Gagnrýnandi breska blaðsins The Independent gaf þeim fjórar stjörnur af fimm og íslenskir þungarokkarar og aðrir gestir hátíðarinnar voru ánægðir með frammistöðuna. Flösufeykjarar þessa lands voru komnir á bragðið. Þetta var hluti af síðasta tónleikaferðalagi Slayer en hún hefur verið ein af fjórum stóru þrasshljómsveitunum, hinar eru Metallica, Anthrax og Megadeth.

**Áhorfendur:** Um 10.000







## Billy Idol

Billy Idol var einn helsti áhrifavaldur hvað varðar hljóm, stíl og ofsa pönksins. Sló hvergi af í Laugardalshöllinni og fóru miðaldra rokkarar og pönkarar lengst inn í fataskápinn til að draga upp leðurklæðnað. Kófsveittir og klikkaðir tónleikar.

**Áhorfendur:** Um 5.000




## Kreator

Nýir stjórnendur Eistnaflugs byrjuðu með látum þegar Kreator mætti á svæðið. Guðfeður dauða- og drungarokksins og ein allra besta þrass-metalhljómsveit sögunnar. Hljómsveitin var stofnuð árið 1982 en sló hvergi af í Neskaupstað og málmhausar Eistnaflugs lofuðu tónleikana.

**Áhorfendur:** Um 1.500



## Guns N' Roses

Hér var öllu tjaldað til. Stærstu tónleikar Íslandssögunnar hvorki meira né minna og tugir þúsunda kiktu í Laugardal til að berja eitt frægasta málmband mannkynssögunnar augum. Samfélagsmiðlar loguðu af hrósi og það gengu allir glaðir út í kvöldið með suð í eyrunum. Axl, Slash og Duff sameinaðir á ný spiluðu hvern slagarann á fætur öðrum og það sást að mikið var lagt í tónleikana. Vonandi opnuðu þessir tónleikar nýjar dyr í tónleikahaldi.

**Áhorfendur:** Hátt í 27.000





# Óskum eftir rekstraraðila

## á veitingastað í hjarta Hafnarfjarðar



Vegna ófyrirsjáanlegra breytinga er veitingastaður Fjarðar laus til rekstrar fyrir öflugan aðila.

- 260m²
- 70-100 manns í sæti
- Útbúið tækjum
- Í miðbæ Hafnarfjarðar

Fjörður er sannkallað hjarta verslunar, þjónustu og samgangna í Hafnarfirði og fagnar 22 ára afmæli sínu í ár. Árlega heimsækja um ein milljón viðskiptavina Fjörð.

Veitingastaðurinn er á 2. hæð verslunarkjarnans og með glæsilegu sjávarútsýni yfir höfnina.

*Við leitum að metnaðarfullum og þjónustulunduðum rekstraraðila með ástríðu fyrir góðum mat.*




Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 615 0009 eða email: fjordur@fjordur.is

midi.is

Vinsælir viðburðir framundan

Miðakaup á www.midi.is



Sóli Hólm - Aukasýning

Hlégarði 30. ágúst




Hjarta Hafnarfjarðar - Útisvæði

Bæjarbíó 31. ágúst og 1. september



Valdimar - Útgáfutónleikar

Háskólabíó 22. september



Sycamore Tree

Hard Rock 29. september





Finnski uppistandarinn Ismo Leikola troðfyllti Tjarnarbíó tvisvar í fyrra og er nú mættur aftur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gerir mest grín að enskri tungu

Fyndnasti maður jarðarinnar árið 2014, Finninn **Ismo Leikola**, verður með uppistand í Tjarnarbíói í kvöld. Hann stoppar stutt á Íslandi nú en fylgist vel með Ara Eldjárn og íslenskum uppistöndurum.

Uppistand Ismo Leikola, Words Apart, er á ensku þar sem hann leikur sér að enska tungumálinu og skoðar merkingu þess með augum aðkomumannsins. Klippur hans á Youtube sýna færni hans í enskri tungu en eftir að hann kom fram í þætti Conans O'Brian fór frægðarsól hans að rísa.

Hann er fyrsti Finninn sem hefur komið fram í þættinum og hefur myndbandið af uppstandinu fengið um 63 milljón áhorf á Facebook.

Ismo kemur til landsins í dag frá Edinborg og fer á morgun til Bandaríkjanna þar sem hann býr. Þetta er í annað eða þriðja sinn sem hann kemur til landsins. Hann er nefnilega ekki alveg viss. „Þetta er síðasti dagurinn í Edinborg og ég hlakka mikið til að koma til Íslands þó þetta verði stutt stopp. Ég kom í fyrra og ég held að ég hafi komið einu sinni áður. Þá minnir mig að ég hafi skemmt á einhverjum litlum klúbbi," segir hann hugsi.

„Ísland er svo magnað land og svo ótrúlega fallegt. Það er verst að ég get ekki stoppað lengur. Ég næ bara einum degi en ég vonast til að sjá sem mest á sem stystum tíma."

Þeir sem hafa fylgst með Ismo vita að hann gerir grín að enskri tungu. Hann segir að það sé enn meginuppistaðan í sinni sýningu en hann sé einnig með nýtt efni í pokahorninu. „Mestmegnis er þetta nýtt efni. Þetta er lengri sýning núna en síðast. Þá var ég með Ara Eldjárn og við vorum með 45 mínútna uppistand hvor. Núna er þetta lengra. En þetta er byggt í grunninn á því að gera grín að enskri tungu. Þetta er svo skrýtið tungumál og ég er alltaf að komast að einhverju nýju."

Ismo hefur verið í Edinborg undanfarinn mánuð og komið fram og fylgst með öðrum uppistöndurum á Fringe Festival. Hann hefur séð nokkra Íslendinga koma þar fram og segir þá vera mjög góða. Ari Eldjárn sé þó enn sinn maður.

„Ég hef séð Ara mörgum sinnum koma fram og hann kom til Finnlands eitt sinn fyrir mörgum árum. Síðan var ég með honum í Melbourne fyrir skömmu, af einskærri tilviljun en hann er frábær. Hérna í Edinborg voru nokkrir Íslendingar sem ég fylgdist aðeins með og tók eftir." Sýning Ismo hefst klukkan 20 í Tjarnarbíói.

**benediktboas@frettabladid.is**

### ISMO LEIKOLA

**Fæddur 22. janúar 1979**

- Kom fyrst fram árið 2002.
- Sló í gegn á Just For Laughs hátíðinni í Montreal og Fringe Festival í Edinborg.
- Hann kom fyrst fram í Bandaríkjunum árið 2014 og vann titilinn fyndnasti maður jarðarinnar.
- Hann býr núna í Los Angeles og kemur reglulega fram í klúbbnum Laugh Factory.

**ÍSLAND ER SVO MAGNAÐ LAND OG SVO ÓTRÚLEGA FALLEGT. ÞAÐ ER VERST AÐ ÉG GET EKKI STOPPAÐ LENGUR.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð
## 23. til 29. ágúst

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

**MEMPHIS**
svefnsófi

Slitsterkt í áklæði gráu, bláu og beige.
Svefnsvæði: 120 x 200 cm

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

**RIVER**
svefnsófi m/tungu

Grænt, rautt, svart og grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 250 x 157 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **119.920 kr.**



TILBOÐ 17% AFSLÁTTUR

**KOLDING**
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt eða rautt leður/PVC.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **99.517 kr.**



TILBOÐ 34% AFSLÁTTUR

**RAMSEY**
hægindastóll

Skemmtilegur hægindastóll. Grátt, blátt eða bordeaux rautt sléttflauel. Einnig fáanlegt svart PU-áklæði.

**Fullt verð: 29.900 kr.**

Aðeins **19.734 kr.**

## SHAPE DELUXE
og C&J Silver stillanlegur botn



TILBOÐ 50% AFSLÁTTUR
af Shape Delux dýnu
20% af botni

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Charlotte Julien
Dream your world™

Shape Deluxe 90 x 210 heilsudýna og C&J silver stillanlegur botn. Meðal eiginleika C&J Silver botns er að hann er með viðhaldslausa mótora, tvíhert stál í burðargrind, hliðar- og endastoppera.

**Fullt verð: 202.900 kr.**

Aðeins **138.950 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 23. til 29. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja








Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177


BAKÞANKAR


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




# Hvað skal gera við þá dauðu?

Að hrófla við hinum dauðu er ekki á allra færi. Jóhann beri fékk að kenna á því þegar hann ætlaði að fá uppvakning til að hrekja ástkonu sína út en vakti móður sína sáluga í misgripum. Var hún óhress með kvennamál Jóa síns svo hún draugaðist í honum og hrakti landshorna á milli.

Ekki á ég von á því að spænska ríkisstjórnin þekki þessa sögu úr Heimsljósi Laxness en hún stendur einmitt í stórræðum við harðstjóra að handan.

Í Dal hinna föllnu, Valle de los caídos, er stærsta fjöldagröf Spánar. Þar hvíla rúmlega þrjátíu þúsund hermenn frá báðum sveitum sem börðust í spænsku borgarastyrjöldinni. Yfir öllu gnæfir svo 150 metra hár kross en í miðjum dalnum, í kapellu einni, hvílir síðan Franco í gröf sem Napóleón væri fullsæmdur af. Hann var einræðisherra og gantaðist eitt sinn með það að hann skrifaði undir þúsund aftökuplögg meðan hann fékk sér morgunkaffi. Ríkisstjórnin telur lítinn sóma að minnisvarða þessum í lýðræðisríki og enn síður við hæfi að harðstjórinn hvíli innan um fórnarlömb sín sem sumir segja, eins og Baltasar Garzón lögmaður, að hvíli þar í óþökk aðstandenda. Nú á því að grafa karlinn upp og færa hann úr dalnum.

Mig langar ekki að tala um uppvakningana sem ekki koma að handan að þessu sinni heldur úr röðum stjórnmálamanna á hægri vængnum sem allt í einu er svo annt um foringjann. Mér verður hins vegar hugsað til jarðneskra leifa skáldsins Federico García Lorca sem liggja einhvers staðar í auðninni. Andi hans situr hins vegar í hásæti spænska hjartans. Hvíldarstaðurinn, hversu mikilfenglegur eða tilkomulítill sem hann er, getur nefnilega engu breytt um það hver þú varst og til hvers þú komst.








